



Ársskýrsla félags- og barnamálamálaráðherra 2020



Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið



Ársskýrsla félags- og barnamálaráðherra

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6 – 105 Reykjavík
Sími: 545 8100 | frn@frn.is

Júní 2021 | ISBN: 978-9935-513-09-0

Ábyrgðarmaður: Ásmundur Einar Daðason
Umsjón: Félagsmálaráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2021 – Félagsmálaráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

Ávarp ráðherra	4
Starfsemi félagsmálaráðuneytisins	6
Málefni barna	8
Yfirlit félagslegra aðgerða vegna COVID-19	12
Aðgerðir til að bregðast við áhrifum heimsfaraldursins	14
Fæðingarorlof	18
Vinnumál	19
Húsnæðismál	22
Almannatryggingar	24
Aldraðir	25
Málefni fatlaðs fólks	26
Málefni innflytjenda og flóttafólks	28
Velferðarvaktin	30
Norrænt samstarf	32
Styrkveitingar	34
Útgjöld málefnasviða og málaflokka	35
Rekstargjöld og fjárfestingar	36
Árangur og ávinningur af ráðstöfnunum fjármuna	45
Yfirlit yfir stöðu aðgerða málefnasviða í árslok 2020	46



Ávarp ráðherra

Árið 2020 verður vafalaust lengi í minnum haft. Snemma árs gerði COVID-19 faraldurinn vart við sig og strax í marsmánuði fór afleiðinga hans að gæta um nær alla heimsbyggð. Þó ljóst megi vera að glíma okkar við faraldurinn mun standa fram eftir ári megum við ekki gleyma þeim verkefnum öðrum sem vinna þarf brautargengi.

Þar ber fyrst að nefna málefni barna. Þau eru auðvitað víðfeðmur málaflökkur sem teygir arma sína inn í fjölmarga undirflokkka og inn í fjölmörg ráðuneyti. Samstarf við þá aðila sem sinna þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra hefur verið mikilvægt og tel ég það hafa tekist með eindæmum vel meðan ég hef setið í embætti. Í lok nóvember kynnti ég frumvarp um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Frumvarpið er afurð víðtæks og góðs samstarfs fjölda aðila með samþættingu þjónustu í þágu barna að markmiði, sem og að auka samvinnu og bæta samfelli þjónustu við börn og að hagsmunir barna skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi. Verkefnið er umfangsmikið og felur sennilega í sér mestu breytingu sem gerð hefur verið á umhverfi barna á Íslandi í áratugi.

Við gripum til margvíslegra aðgerða til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins á samfélagið og lagði ég mikla áherslu á að standa vörð um fjölskyldur í landinu, bæði þegar kemur að atvinnu-málum og félagslega. Strax á fyrstu vikum faraldursins samþykkti Alþingi frumvarp mitt um hlutabótaleiðina svokölluðu, sem felur í sér rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta samhliða minnkuðu starfs-

hlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda. Markmiðið með henni er einfalt – að stuðla að því að vinnuveitendur haldi virku ráðningarsambandi við starfsmenn sína eins og frekast er unnt þrátt fyrir samdrátt í starfsemi. Skemmst er frá því að segja að hlutabótaleiðin hefur verið gríðarlega mikilvæg og vel heppnuð aðgerð, og voru tugþúsundir launamanna skráðir í úrræðið. Framhald af þeirri aðgerð var svo ráðning með styrk, en þar geta atvinnu-rekendur ráðið til sín starfsfólk með ríflegum styrk frá ríkinu.


Málefni ungs fólks hafa verið ofarlega á blaði. Ég er mjög stoltur af lengingu fæðingarorlofs, en frumvarp mitt þess efnis var samþykkt á Alþingi í desember. Með frumvarpinu lengist réttur foreldra til fæðingarorlofs úr 10 mánuðum í 12, ásamt öðrum mikilvægum breytingum. Frumvarp mitt um hlutdeildarlán, sem auðvelda tekju-lágum einstaklingum að eignast fyrstu íbúð var samþykkt á Alþingi í september. Lægstu tekjutíundir hafa verið fastar á leigumarkaði og við vitum að mikill meirihluti þeirra vill komast í eigið húsnæði. Með hlutdeildarlánunum er ríkið að stíga myndarlegt skref til þess að aðstoða þetta fólk við að komast í eigið húsnæði.

Við höfum alveg frá upphafi Covid-19 faraldursins lagt mikla áherslu á það að styðja við viðkvæma hópa á þessum skráttu tímum. Má þar nefna sérstakan íþróttá- og tómsundastyrk fyrir börn á grunnskóla-alldri, þar sem markmiðið er að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómsundastarfi. Átak í náms- og starfs-

úrræðum fyrir atvinnuleitendur þar sem fjárveitingar til Atvinnuleysis-tryggingasjóðs voru auknar verulega og sérstakt átak um fjölgun sumarstarfa fyrir námsmenn 18 ára og eldri sem eiga engan eða takmarkaðan rétt til atvinnuleysisbóta. Þá var bætt í aðgerðir gegn heimilisofbeldi á Íslandi og um ofbeldi gegn börnum, en röskun á rúttínu getur reynst börnum sérstaklega erfið og rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi eykst þar sem álag er mikið á fjölskyldur.

Mikill kraftur hefur verið settur í uppbyggingu á íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni. Í dag eru um 500 íbúðir í byggingu um land allt. Markmiðið með þessum verkefnum er að skortur á húsnæði muni ekki lengur standa atvinnusköpun fyrir þrífum, líkt og fjölmörg dæmi hafa verið um í nær öllum sveitarfélögum utan SV-hornsins á síðustu árum.

Um leið og ég tók við embætti í félagsmálaráðuneytinu tók ég ákvörðun um að breyta titli félagsmálaráðherra í félags- og barnamálaráðherra. Hugur minn hefur alltaf stefnt í þá átt að breyta lagaumhverfi og réttarstöðu barna þannig að barnið sé ávallt í forgrunni. Ég get ekki verið annað en mjög stoltur af barnavinnunni sem hefur skilað sér í fjórum frumvörpum sem liggja nú til afgreiðslu á Alþingi. Þetta tókst með samvinnu og þátttöku allra sem sitja á Alþingi þvert á allar pólitískar línur. Fyrir það er ég afar þakklátur.



Starfsemi félagsmálaráðuneytisins

Starfsemi félagsmálaráðuneytisins

Félagsmálaráðuneytið tók til starfa 1. janúar 2019 í samræmi við forsetaúrskurð nr. 118/2018 um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti. Við stofnun félagsmálaráðuneytisins breyttist embættistitill félagsmálaráðherra í félags- og barnamálaráðherra til að endurspegla þau áform ráðherra að auka áherslu á málefni barna og ung-menna.

Félags- og barnamálaráðherra ber ábyrgð á félags- og fjölskyldumálum, almannatryggingum að hluta, húsnæðismálum, vinnu- og jafnréttismálum. Undir framangreind málefni falla málefna- og um örorku og fatlað fólk, málefni aldraðra, fjölskyldumál, vinnu- markaður og atvinnuleysi og húsnæðisstuðningur. Við uppskiptingu velferðarráðuneytisins var ákveðið að jafnréttismál myndu færast frá félagsmálaráðuneytinu og á ábyrgð forsætisráðuneytisins og málefni mannvirkja úr umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í félagsmálaráðuneytið.

Áhrif heimsfaraldurs á starfsemi ráðuneytisins

Heimsfaraldurinn setti svip sinn á störf félagsmálaráðuneytisins á árinu 2020. Sérstöku viðbragðsteymi var komið á fót í mars til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa og var það sameiginlegt verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytisins. Með stofnun teymisins var tryggt mikilvægt samstarf ríkis, sveitarfélaga, fagaðila og hagsmunaaðila um land allt til þess að gæta öryggis og halda uppi þjónustu á sviði félags- og barnaverndar. Viðbragðsteymið gaf út vikulegar stöðuskýrslur til félags- og barnamálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formanns stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og voru skýrslurnar alls átta talsins.

Í þeim skýrslum kom berlega í ljós að samstarfið og þær aðgerðir sem gripið var til á grundvelli þess skiptu sköpum í því að tryggja á erfiðum tímum nauðsynlega þjónustu fyrir þá sem hana þurftu.

Samhliða stofnun viðbragðsteymis var komið á fót sérstöku viðbragðsnetfangi, vidbragd@frn.is, þar sem almenningur og hagsmunaaðilar gátu sent inn ábendingar og fyrirspurnir til teymisins. Stofnuð var sérstök bakvarðasveit velferðarþjónustu sem sveitarfélög og stofnanir gátu leitað til ef mönnun grunnþjónustu stóð höllum fæti sökum faraldursins. Alls skráðu um 1.500 sjálfboðaliðar sig í bakvarðasveitina með fjölbreyttan bakgrunn sem nýttist vel. Ítrekað var leitað til bakvarðasveitarinnar, sérstaklega í fyrstu og þriðju bylgju faraldursins. Sérstakur viðbragðssjóður ríkis og sveitarfélaga var stofnaður og veitti svigrúm til nauðsynlegra aðgerða vegna áhrifa faraldursins í félagsþjónustu sem og í sértækri þjónustu við viðkvæma hópa.

Á vordögum 2020, við lok fyrstu bylgju faraldursins, var ákveðið að leggja niður viðbragðsteymið og stofna nýtt teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála, undir forystu sömu aðila. Uppbyggingarteymið gegndi sambærilegu hlutverki og viðbragðsteymið en málefna- og sviðin urðu fleiri. Áfram var byggt á upplýsingaöflun í gegnum stöðuskýrslur sem urðu níu á árinu. Markmiðið var að tryggja markviss viðbrögð til þess að lágmarka neikvæðar afleiðingar COVID-19 á íslenskt samfélag samhliða því að tryggja áframhaldandi nauðsynlegan og samræmdan stuðning á landsvísi við þjónustuaðila er varða þjónustu við viðkvæma hópa. Bakvarðasveit velferðarþjónustu, viðbragðssjóðurinn og netfang teymisins voru áfram með óbreyttu sniði.



Málefni barna

Breytingar í þágu barna

Málefni barna eru helsta áherslumál félags- og barnamálaráðherra og málaflokkurinn hefur verið fyrirferðarmikill frá upphafi kjörtímabilsins. Frá árinu 2019 hefur yfirskrift vinnunnar verið „Breytingar í þágu barna“ en það er samstarf við þingmannanefnd um málefni barna, með fulltrúum allra flokka sem sitja á Alþingi og stýrihóp Stjórnarráðsins í málefnum barna.

Áhersla vinnunnar árið 2020 var á undirbúning lagabreytinga til að styðja við snemmtækan stuðning og samþættingu þjónustu í þágu barna sem einkenndist af víðtæku samráði við ýmsa aðila. Í lok árs 2019 hafði hópur haghafa fengið fyrstu drög frumvarps til laga um samþættingu þjónustu til umsagnar. Lokadrög frumvarpsins, ásamt frumvörpum til laga um tvær nýjar stofnanir félagsmálaráðuneytisins, Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í júlí. Á þessu tímabili voru jafnframt haldnir fjölmargir kynningar- og samráðsfundir um frumvarpið með sveitarfélögum, ríkisstofnunum, sam-tökum fagfólks og öðrum hópum.

Frumvörpin voru kynnt á kynningarfundum félags- og barnamálaráðherra 30. nóvember 2020 og lagði ráðherra frumvörpin fram á Alþingi þann dag.

Félagsmálaráðuneytið fékk ráðgjafa til að gera mat á hagrænum og fjárhagslegum áhrifum breytinganna til að áætla heildaráhrif á ríki og sveitarfélög að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings til lengri tíma.

Greiningin leiddi í ljós að nokkur ár tekur fyrir ávinninginn að raungerast þar sem hann kemur smám saman fram yfir æviskeið einstaklingsins. Afkoma hins opinbera batnar við innleiðingu frumvarpsins þar sem sparnaður vegna fækkunar frávíka frá farsæld vegur þyngra en útgjaldaaukning vegna bættrar þjónustu. Heildarniðurstaða matsins er því að samþætting þjónustu í þágu farsældar barna er arðbær langtímafjárfesting sem bætir afkomu hins opinbera til framtíðar lítið.

Efni frumvarps til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Frumvarpið nær til allrar þjónustu ríkis og sveitarfélaga sem er veitt í þágu barna, þar á meðal innan skóla og í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Á þessum þjónustuveitendum hvíla ríkar skyldur til að bregðast við vísbendingum um að þörfum barns sé ekki mætt og taka þátt í samþættingu þjónustu. Aðrir sem vinna með börnum, til dæmis hjá íþróttá- eða æskulýðsfélögum, bera líka skyldur og geta tekið þátt í samþættingu þjónustu.

Í frumvarpinu er kveðið á um samræmda mælikvarða sem lýsa stigskiptingu þjónustu í þágu farsældar barna á þrjú þjónustustig. Jafnframt er kveðið á um skyldu til að öll þjónusta í þágu barna sé stigskipt.

Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að sérstökum tengilið í nærumhverfi barnsins. Tengiliður veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu, aðstoðar við

að tryggja aðgang að mati á þörfum, skipuleggur og fylgir eftir samþættingu og kemur áfram upplýsingum ef þörf er fyrir markvissari eða sérhæfðari þjónustu en er veitt á fyrsta stigi. Tengiliður er starfsmaður heilsugæslu, leik-, grunn- eða framhaldsskóla eða félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef börn þurfa markvissari og/eða sérhæfðari fjölþættan stuðning til lengri tíma er barni og fjölskyldu þess tryggður aðgangur að málstjóra hjá félagsþjónustu sveitarfélaga.

Aðgangur að tengilið og málstjóra er tryggður strax frá fæðingu barns og þar til barn er 18 ára. Sams konar þjónusta verður eftir atvikum í boði fyrir foreldra á meðgöngu.

Heildarendurskoðun barnaverndarlaga

Í upphafi ársins hófst undirbúningur heildarendurskoðunar barnaverndarlaga innan félagsmálaráðuneytisins með þátttöku utanaðkomandi sérfræðinga.

Á haustmánuðum skipaði félags- og barnamálaráðherra starfshóp sem var ætlað að skoða sérstaklega barnavernd innan sveitarfélaga. Niðurstaða starfshópsins var að leggja ætti niður barnaverndarnefndir í núverandi mynd. Í stað barnaverndarnefnda myndu sveitarfélög starfrækja barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar þar sem lögð væri áhersla á tiltekna fagþekkingu.

Við lok ársins var ljóst að ekki myndi takast að ljúka heildarendurskoðun barnaverndarlaga á þessu kjörtímabili. Í samræmi við tillögu þingmannanefndar um málefni barna var ákveðið að endurskoðuninni yrði skipt í tvennt og einungis fyrri hluti endurskoðunarinnar yrði lagður fram á vörpingi 2021.

Stefna um Barnvænt Ísland

Í maí 2020 samþykkti ríkisstjórn tillögu félags- og barnamálaráðherra að kynna stefnu um Barnvænt Ísland - framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í samráðsgátt. Sú ákvörðun var í samræmi við stjórnarsáttmála, þar sem segir að leggja skuli áherslu á að skapa barnvænt samfélag og framfylgja ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, m.a. með tilliti til þess að auka áhrif barna í samfélaginu.

Eftir að niðurstöður í samráðsgátt lágu fyrir skipaði félags- og barnamálaráðherra nefnd í október 2020 sem falið var að vinna stefnu og aðgerðaáætlun um Barnvænt Ísland. Nefndin var skipuð fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og embætti umboðsmanns barna. Samhliða störfum nefndarinnar fól félags- og barnamálaráðherra embætti umboðsmanns barna að vinna samráð við börn og ungmenni um efni stefnunnar.

Á grundvelli þess víðtæka samráðs sem lá fyrir hófst markviss vinna til að koma til móts við niðurstöður þess. Stefnan var fullmótuð árið 2021 og liggur nú fyrir Alþingi sem þingsályktunartillaga.

Efni stefnunnar um barnvænt Ísland

Helstu markmið stefnunnar og aðgerðaáætlunarinnar er að uppfylla ýrtruðu kröfur Barnaréttarnefndar SP og skyldur stjórnvalda samkvæmt Barnasáttmálanum. Með stefnunni verður lögfestingu sáttmálans fylgt eftir með markvissum hætti og tryggt að sáttmálinn sé rauður þráður í stefnumótun og aðgerðum stjórnvalda. Markmið stefnunnar er enn fremur að tryggja jafnræði og markvissa þátttöku barna og ungmenna innan stjórnsýslunnar, auka samstarf milli opinberra aðila með velferð og réttindi barna að leiðarljósi, tryggja





markvisst verklag við hagsmunamat út frá réttindum og velferð barna og auka þekkingu á réttindum barna innan samfélagsins.

Aðgerðir miða m.a. að því að þróa þáttökuvettvang stjórnvalda við börn og ungmenni á landsvísi. Þróa á og efla samráðsgátt stjórnvalda og tryggja auknið aðgengi barna að upplýsingum um frumvörp og stefnumótun. Innleitt verður hagsmunamat út frá réttindum barnsins með markvissum hætti, þriðja valkvæða bókunin við Barnasáttmálann verður fullgilt og aukin þekking barna, almennings og opinberra starfsmanna/fagstétta á þátttöku og réttindum barna tryggð. Þá verður þróað mælaborð fyrir ríki og sveitarfélög sem tekur til helstu velferðarvísa og tölfræðigagna um börn og stuðlað að því að öll sveitarfélög á Íslandi innleiði Barnasáttmálann með markvissum hætti á næsta áratug.

Mælaborð um farsæld barna

Formleg vinna hófst innan félagsmálaráðuneytisins við þróun mælaborðs um farsæld barna. Skipaður var stýrihópur Stjórnarráðsins um þróun verkefnisins í október 2020 þar sem sitja fulltrúar sjö ráðuneyta, embætti umboðsmanns barna, Hagstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Markmið þróunar mælaborðsins er að draga fram heildstæða mynd af farsæld barna hér á landi, á grundvelli þeirra fjölþættu tölfræðigagna sem til staðar eru, fyrir ríki og sveitarfélög. Er þar horft til þess að safna tölfræðigögnum um ólík málefni og hópa barna og tryggja að stjórnvöld hafi yfirlit yfir þætti er varða farsæld barna hér á landi, yfirlit sem að byggir á nýlegum og aðgengilegum gögnum. Markmið mælaborðsins er enn fremur að tryggja að þau tölfræðigögn sem til eru séu nýtt með markvissum hætti við laga-

setningu, stefnumótun og mat á áhrifum aðgerða opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga.

Vinna stýrihópsins stendur yfir og felur í sér víðtækt samráð við opinbera aðila, fræðasamfélagið, félagasamtök, börn og ungmenni. Til stendur að birta mælaborðið fyrir árslok 2021.

Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem miðar að því að byggja upp breiðfylkingu sveitarfélaga á Íslandi sem láta sér mannréttindi barna varða, með Barnasáttmálann að leiðarljósi og auknu samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga. Árið 2019 gengu UNICEF á Íslandi og félagsmálaráðuneytið til samstarfs um framkvæmd verkefnisins undir formerkjnum Barnvænt Ísland. Markmið samstarfsins er að tryggja aðgengi allra sveitarfélaga að stuðningi við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Innleiðing verkefnisins tekur um 2-3 ár, og geta sveitarfélög hlotið viðurkenningu sem barnvæn sveitarfélög að lokinni úttekt á innleiðingu verkefnisins.

Til að kynna verkefnið sendu félagsmálaráðuneytið og UNICEF á Íslandi öllum sveitarstjórnnum landsins erindi með boði um þátttöku í verkefninu í mars 2020. Í kjölfarið hófu átta sveitarfélög þátttöku í verkefninu á árinu, Svalbarðsstrandarhreppur, Akranes, Hornafjörður, Vogar á Vatnsleysuströnd, Reykjanesbær, Borgarbyggð, Garðabæjar og Ölfuss. Þar áður höfðu Akureyrarbær, Hafnarfjörður og Kópavogur þegar hafið þátttöku í verkefninu. Á næsta áratug er stefnt að því að öll sveitarfélög hafi hafið innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna undir formerkjum barnvænna sveitarfélaga, en fjöldi sveitarfélaga hafa þegar skráð sig til leiks árið 2021 og 2022.

Akureyrarbær fyrsta barnvæna sveitarfélagið á Íslandi

Þann 27. maí varð Akureyrarbær fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að hljóta viðurkenningu Barnvænna sveitarfélaga. Í viðurkenningunni felast þakkir til sveitarfélagsins fyrir að hafa unnið markvisst að því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnslu og starfsemi bæjarins, með hagsmuni allra barna og ungmenna sveitarfélagsins að leiðarljósi. Þar með komst Akureyrarbær í hóp valinna sveitarfélaga um allan heim, sem leggja Barnasáttmálann til grundvallar öllu sínu starfi. Viðurkenninguna hlýtur sveitarfélagið til þriggja ára og á það kost á að endurnýja hana að þeim tíma liðnum.

Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar vegna þátttöku í verkefninu var einstaklega metnaðarfull og hefur sveitarfélagið innleitt fjölda nýrra verkefna í samstarfi við ungmennaráð þess. Nokkur dæmi:

- **Bærinn hefur staðið fyrir árlegum stórþingum til að efla gagnvirk samtál við börn og ungmenni.**
- **Snjómokstur og strætósamgöngur bæjarins hafa verið endurskoðaðar í samráði við börn og ungmenni.**
- **Sveitarfélagið hefur tekið upp verklag við hagsmunamat út frá réttindum barna við ákvarðanir og stefnumótun sem hefur áhrif á börn.**
- **Rafræn handbók um tilkynningar til barnaverndar og samræmt verklag fyrir alla starfsmenn bæjarins hefur verið kynnt.**
- **Tilkynningahnappur hefur verið settur upp svo börn geti sjálf tilkynnt um aðstæður sínar eða annarra til barnaverndarnefnda.**

Miðstöð um tölfræðiupplýsingar er varða ofbeldi gegn börnum

Þann 20. janúar 2020 tilkynnti félags- og barnamálaráðherra um stofnun miðstöðvar sem hefði fengið það hlutverk að halda utan um tölfræðiupplýsingar er varða ofbeldi gegn börnum. Miðstöðinni var falið það hlutverk að vera stjórnvöldum til ráðgjafar og leggja fram tillögur að mótun stefnu og aðgerða í þessum efnum og fylgja þeim eftir. Rekstur miðstöðvarinnar er í höndum Barnaverndarstofu sem mun halda utan um upplýsingar, rannsóknir, tölfræði og fleira er varðar ofbeldi gegn börnum auk ráðgjafar og tillögugerðar varðandi stefnumótun og aðgerðir. Stjórnvöld á hverjum tíma munu hafa aðgengi að þessum upplýsingum og faglegru ráðgjöf við stefnumótun í málaflokknum, meðal annars með hliðsjón af vinnu við mælaborð um farsæld barna.

Tilraunaverkefni um samstarf eftir skilað (SES)

Í upphafi árs skrifaði félags- og barnamálaráðherra undir samkomulag við danska fyrirtækið SES (Samarbejde efter Skilsmisse) vegna tilraunaverkefnis um innleiðingu sérhæfðrar skilnaðarráðgjafar til foreldra á Íslandi. Í kjölfarið undirritaði ráðherra samkomulag við sveitarfélög sem taka þátt í tilraunaverkefninu. Um er að ræða samstarfsverkefni milli ráðuneytisins, íslenskra sérfræðinga sem hafa umsjón með innleiðingu verkefnisins og þeirra sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins er að innleiða og þróa nýtt vinnulag með áherslu á félagslega ráðgjöf í skilnaðar-, forsjár- og umgengnismálum.



Yfirlit félagslegra aðgerða vegna COVID-19



Stuðningur til íþróttá- og tómstundastarfs barna á tekjulægri heimilum

600.000.000



Aðgerðir gegn heimilisofbeldi

145.000.000

- Geðþjónusta LSH - Hugræn úrvinnslumeðferð fyrir þolendur ofbeldis á vefnum
- Embætti landlæknis - Bættir verkferlar og viðbrögð í heilbrigðisþjónustu vegna heimilisofbeldis og ofbeldis gegn börnum
- Neyðarlínan - Vitundarvakning um ofbeldi 112
- Samtök um kvennaathvarf - Tilraunaverkefni um kvennaathvarf á Norðurlandi
- Neyðarlínan - Rafræn gátt 112
- Styrkir til aðgerða gegn ofbeldi til 17 félagasamtaka
- Tabú - Fagleg ráðgjöf til þjónustuaðila
- Tabú - Jafningjafræðsla
- Jafnréttisstofa - Þú átt von
- Ríkislögreglustjóri - Gerendur ofbeldis
- Heimilisfriður - Efni á vef 112.is
- Gerð fræðsluefni vegna gerenda ofbeldis
- Samtök um kvennaathvarf - Húsnæði fyrst og heimilisofbeldi
- Varða rannsóknarstofnun - Ofbeldi og vinnustaðir



Aðgerðir gegn ofbeldi á börnum

70.000.000

- Barnaverndarstofa - Viðbótarstöðugildi til Barnahúss og efling starfsemi
- Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum - efling samvinnu kerfa þegar kemur að vinnslu fjölskyldumála og málefnum barna
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu - Snemmtæk íhlutun, ofbeldi meðal ungmenna
- Embætti landlæknis - Aukin foreldrafærni til að draga úr líkum á vanrækslu, misnotkun og ofbeldi gegn börnum



Úrræði vegna heimilislausra með fjölþættan vanda

100.000.000

- Samningur við Reykjavíkurborg um þjónustuúrræði
- Samningur um tímabundinn stuðning við aukna þjónustu við heimilislausa með fjölþættan vanda



Félagsleg úrræði og stuðningur við viðkvæma hópa

450.000.000

- Styrkur til sveitarfélaga - Börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu
- Styrkur til sveitarfélaga - Félagsstarf aldraðra
- Aldur er bara tala - Félags- og hjúkrunarráðgjöf í gegnum netið fyrir 60 ára og eldri.
- Hagir og líðan aldraðra - Rannsókn
- Ráðgjafastofa fyrir innflytjendur og flóttafólk.
- Aðgerðir sem nýtast innflytjendum
 - Umboðsmaður skuldara - Bæta aðgengi að upplýsingum og þjónustu UMS fyrir fólk af erlendum uppruna
 - Styrkur til Móðurmáls vegna móðurmálskenndu fyrir börn af erlendum uppruna
 - Samningur við UMFÍ/ÍSÍ - Stuðningur við skipulagt íþrótt- og tómstundastarf
 - Hjálparstarf kirkjunnar
- Gerð kynninga- og fræðsluefnis
- Upplýsingar um þjónustu í boði o.fl. á viðeigandi tungumálum
 - Vitundarefning – Fræðsla fyrir fatlað fólk á tímum COVID-19.
- Félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk - Styrkur til sveitarfélaga
- Styrktarfélag lamaðra og fatlaða - Sumarbúðir fyrir fötluð börn og ungmenni
- Styrktarfélag lamaðra og fatlaða - Sumarorlofsíbúðir í Grindavík
- Styrktarfélag lamaðra og fatlaða - Ævintýranámskeið á Víðistaðatúni
- Styrktarfélag lamaðra og fatlaða - Sumarbúðir að Háholti í Skagafirði
- Landshlutateymi fyrir fötluð börn á Suðurnesjum
- Sérstakur stuðningur fyrir fötluð börn og foreldra innflytjenda
- Bati góðgerðarfélag - Styrkur til áfangaheimilis fyrir þá sem lokið hafa afplánun



Stuðningur til hjálparsamtaka til matarúthlutana

25.000.000

- Styrkir til hjálparsamtaka í júlí 2020



Gegn kvíða og einmannaleika

40.000.000

- Styrkir til félagasamtaka í apríl 2020

Aðgerðir til að bregðast við áhrifum heimsfaraldursins

Félagsmálaráðuneytið hefur gripið til margvíslegra aðgerða til að styðja með markvissum hætti við börn og ungmenni á tímum COVID-19 faraldursins. Sérstaklega hefur verið horft til barna í viðkvæmri stöðu. Grundvöllur aðgerðanna byggir m.a. á reynslu annarra ríkja, ráðleggingum og viðmiðum alþjóðlegra stofnana, t.d. Sameinuðu þjóðanna, sem hafa undirstrikað mikilvægi þess að stjórnvöld beini aðgerðum sínum sérstaklega að því að halda skólafunnum opnum, bregðast við mögulegri aukningu ofbeldis, vanrækslu, félagslegri einangrun og brottfalli barna og ungmenna úr námi.



Aðgerðir gegn ofbeldi

- 1. Rauði krossinn og Hjálparsíminn 1717:** Við upphaf faraldursins var gerður tíma-bundinn samningur við Rauða krossinn til að efla þjónustu hans og tengja hann enn frekar við fagaðila og félagasamtök um land allt. Eftirspurn eftir þjónustunni jókst mikið í kjölfar fyrstu bylgju faraldursins, sérstaklega á meðal ungmenna og var með samningnum lögð áhersla á að efla ráðgjöf og stuðning við viðkvæma hópa, t.d. fjölskyldur, börn og ungmenni, fólk með fötlun, aldraða og fólk af erlendum uppruna. Hjálparsíminn og netspjallið voru auglýst sérstaklega til ungmenna sem þurfa aðstoð. Samningurinn var nýlega endurnýjaður og er markmiðið að auka aðgengi að þjónustunni enn frekar með sérstakri áherslu á að efla símsvörun á fleiri tungumálum en íslensku, ensku og pólsku.
- 2. Vitundarvakning um ofbeldi gegn börnum:** Farið var í vitundarvakningu á vor-mánuðum vegna hættunnar á auknu heimilisofbeldi og vanrækslu barna í kjölfar faraldursins. Félagsmálaráðuneytið, í samstarfi við heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis, gaf út uppeldisráð til foreldra á tímum COVID-19. Uppeldisráðin byggðu á viðmiðum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og UNICEF. Einnig var vakin athygli á ábyrgð samfélagsins alls á tilkynningarskyldu vegna hvers kyns gruns um ofbeldi eða vanrækslu barna, með stuttum myndböndum, á átta tungumálum auk íslensku. Myndböndin voru birt á samfélagsmiðlum undir yfirskriftinni „Við erum öll barnavernd“. Samhliða opnun rafrænnar gáttar 112 um ofbeldi í október

hófst vitundarvakning 112 undir yfirskriftinni „Ofbeldi er alls konar. Segðu frá“. Í 2. útgáfu gáttarinnar bættust við upplýsingar um velferð barna og fræðsluefni fyrir börn og unglunga um ofbeldi.

- 3. Tilraunaverkefni um að styðja betur við börn í viðkvæmri stöðu:** Verkefni hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu voru styrkt, en þar var tekið sérstaklega utan um börn í viðkvæmri stöðu. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum hlaut styrk til að efla og þróa samvinnu sýslumanns, lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar um velferð og hagi barna, þá sérstaklega vegna barna sem búa við ofbeldi á heimilum. Unnið er að tillögum um hvernig megi innleiða breytt verklag varanlega til að styðja börn í viðkvæmri stöðu.
- 4. Stuðningur og meðferð fyrir gerendur ofbeldis:** Samningur var undirritaður við Heimilisfrið um sérhæfða sálfræðiþjónustu fyrir konur og karla sem beita ofbeldi í nánnum samböndum. Markmiðið er að fá gerendur ofbeldis til að viðurkenna ábyrgð og breyta hegðun sinni. Meðferðarúrræðið „Keeping safe“ var styrkt til að undirbúa námskeiðshald og kynningu á úrræðinu. Úrræðið var þróað af sálfræðideild Háskólans í Kent í Bretlandi fyrir drengi á aldrinum 12-17 ára sem sýnt hafa af sér skaðlega/óviðeigandi kynferðislega hegðun og eru með frávik í þroska. Barnavernd Reykjavíkur var styrkt til að innleiða hugræna atferlismeðferð fyrir

fjölskyldur sem beita börn sín ofbeldi. Nýtt neyðarathvarf fyrir konur var opnað í tilraunaskyni á Akureyri. Samhliða starfsemi athvarfsins verður unnin rannsókn á húsnæðisaðstæðum þeirra sem leita til Bjarmahlíðar vegna ofbeldis, bæði meðal þeirra sem fá ráðgjöf og þjónustu og þeirra sem dvelja í neyðarathvarfinu. Að loknu tilraunatímabilinu verður lagt mat á áframhaldandi þörf fyrir neyðarathvarfið.

5. Verkefni félagsmálaráðuneytis í samstarfi við heilbrigðisráðuneyti og embætti Landlæknis sem miðar að því að auka foreldrafærni og draga úr líkum á vanrækslu, misnotkun og ofbeldi gegn börnum og til að innleiða rafræna verkferla til að bæta verklag og viðbrögð heilbrigðisstarfsmanna í heimilisofbeldismálum.



Félagslegar aðgerðir fyrir börn í viðkvæmri stöðu

1. Styrkir til sveitarfélaga v. frístundastarfs fyrir börn í viðkvæmri stöðu sumarið

2020: Sérstaklega var horft til aldurshópsins 12 til 16 ára og áhersla lögð á að ná til þess hóps barna sem hvað síst sækja hefðbundið frístundastarf og því í aukinni áhættu hvað varðar til dæmis áhættu hegðun eða kvíða. 75 m.kr. var veitt til verkefnisins á landsvísu og fengu 30 sveitarfélög styrk. Verkefnin voru af ýmsum toga enda stærð sveitarfélaganna mjög mismunandi og áskoranir á tímum faraldursins hvað tólmstundastarf barna varðar fjölbreyttar. Sem dæmi má nefna að félagsmiðstöðvar, sem venjulega loka yfir sumarið, héldu dyrum sínum opnum yfir sumartíman, boðið var upp á sjálfstyrkingar- og kvíðanámskeið undir handleiðslu fagaðila og sumarúrræði voru víða niðurgreidd til að gefa börnum úr efnaminni fjölskyldum kost á þátttöku.

2. Aukinn stuðningur við úrræðið ART fyrir börn og unglinga með tilfinninga- og hegðunarvanda: Úrræðið er bæði notað í forvarnarskyni og sem meðferðarform sem byggir á þremur meginþáttum a) reiðistjórnun, b) félagsfærni og c) eflingu síðferðisþroska.

3. Sálfræðiþjónusta fyrir börn foreldra með vímuefnavanda: Samningur var gerður við SÁÁ um að veita börnum sem búa við vímuefnavanda aðstandenda aðgang að sálfræðiþjónustu samtakanna. Samningur fjármagnar eina stöðu sálfræðings, til

eins árs, til þess að auka sálfræðiþjónustu til barna skjólstæðinga SÁÁ. Einnig fá foreldrar sem leggjast inn á Vog, eða fá göngudeildarþjónustu, kynningu á sálfræðiþjónustu barna og þeim sem eiga börn á aldrinum 8-18 ára er boðið að skrá þau í þjónustu hjá SÁÁ.

4. Samningur við samtökin '78 um stuðning og ráðgjöf við börn og ungmenni:

Samtökin '78 voru styrkt í þeim tilgangi að gera þau enn betur í stakk búin til að veita skjólstæðingum sínum stuðning og ráðgjöf með sérstaka áherslu á börn, ungmenni og aðstandendur þeirra á tímum COVID-19 þar sem ásókn í þjónustuna hefur aukist síðustu mánuði.

5. Stuðningur við íþrótt- og frístundastarf barna af tekjulágum heimilum: Í ljósi aukins atvinnuleysis vegna COVID-19 og efnahagslegra aðstæðna á mörgum heimilum var ákveðið að veita fjárstyrk til tekjulágra heimila til að styðja við íþrótt- og tólmstundastarf barna. Sveitarfélögin sjá alfarið um afgreiðslu og umsýslu styrkjanna. Samhliða var farið af stað með vitundarvakningu í samvinnu við fjölda aðila til að auka þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþrótt- og tólmstundastarfi. Sérstök áhersla var lögð á að ná til barna af erlendum uppruna með auglýsingum á átta tungumálum. Áætlunin gerir ráð fyrir að 600 m.kr. verði varið í verkefnið á skólaárinu 2020-2021.



Stuðningur við frjáls félagasamtök sem þjónusta börn og ungmenni

Styrkir til félagasamtaka sem veita samfélagslega þjónustu:

Veittir voru fjárstyrkir upp á 55 m.kr. sem skiluðu sér beint inn í starf félagasamtakanna á mikilvægum tímum vegna COVID-19. Bergið, Rauði kross Íslands, UNICEF, Barnaheill, Píeta, Hjálpræðisherinn, Samfés og Geðhjálp voru á meðal félagasamtaka sem sinna börnum

og ungmennum sem voru styrkt vorið 2020. Í nóvember 2020 ákvað ríkisstjórnin svo að veita til viðbótar 80 m.kr. stuðning til frjálsra félagasamtaka veturinn 2020-2021 og sumarið 2021.

Aðgerðarteymi gegn ofbeldi

Á tímum efnahagsþrenginga og áfalla á borð við COVID-19 er við því búist að ofbeldi aukist. Í því ljósi ákváðu stjórnvöld að grípa til aðgerða og í maí skipuðu félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra þær Sigríði Björk Guðjónsdóttur, ríkislögreglustjóra, og Eygló Harðardóttur, fyrrverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, í tímabundið sértækt aðgerðarteymi gegn ofbeldi til að stýra og samræma vinnu við útfærslu aðgerða er lúta einkum að:

1. Almennri vitundarvakningu um ofbeldi gegn börnum og heimilisofbeldi.
2. Eflingu þjónustu og stuðningsúræða við þolendur ofbeldis.
3. Stuðningi við þróun og framkvæmd annarra verkefna á þessu sviði.

Aðgerðirnar hafa miðað sérstaklega að viðkvæmum hópum, þar með talið börnum, konum af erlendum uppruna, öldruðum og fötluðu fólki, sem reynslan hefur sýnt að eru í meiri hættu á að verða fyrir ofbeldi. Teyminu var jafnframt falið að fylgja eftir öðrum almennum aðgerðum er lúta að fræðslu, þjónustu og stuðningi vegna ofbeldis í samræmi við tillögur í áætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess fyrir árin 2019-2022. Áætlunin var samþykkt á Alþingi sumarið 2019 auk þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025. Mikil áhersla hefur verið lögð á víðtækt samráð innan þess breiða sviðs sem aðgerðirnar taka til.

Meðal helstu aðgerða sem komnar eru til framkvæmda eru:

-
- **Þróun vefsvæðis 112.is þar sem nú má finna margs konar efni um ofbeldi, þ.m.t. upplýsingar um þjónustu og úrræði á vegum opinberra aðila, félagasamtaka og einkaaðila.**

 - **Almenn vitundarvakning um ofbeldi og 112.is. Vitundarvakningin hefur einnig beinst að ákveðnum hópum þ.m.t. börnum, fólki af erlendum uppruna, fötluðu fólki, öldruðum og gerendum ofbeldis.**

 - **Stytting biðlista og efling starfsemi Barnahúss.**

 - **Styrkir til félagasamtaka og opinberra aðila til verkefna sem miða að aðgerðum gegn ofbeldi.**

 - **Aðgerðir gegn stafrænu ofbeldi og kynferðislegri misnotkun á netinu gegn börnum.**

 - **Aukinn stuðningur við börn í viðkvæmri stöðu sem beita ofbeldi.**

 - **Þróun vefútfærslu á hugrænni úrvinnslumeðferð við áföllum.**

 - **Þróun verkferla í heilbrigðiskerfinu vegna heimilisofbeldis.**

 - **Tilraunaverkefni um opnun kvennaathvarfs á Norðurlandi.**

 - **Tilraunaverkefni um bætt verklag hjá sýslumanninum í Vestmannaeyjum þegar kemur að forsjár- og fjölskyldumálum.**

Áhersla var lögð á að ráðast í aðgerðir sem nýtast til framtíðar en margar þeirra lúta að þróun nýrra verkefna og verkferla í þeim tilgangi að bæta og efla þjónustu til þolenda ofbeldis, vinnslu mála o.s.frv. Samhliða vinnu teymisins hafa auk þess skapast mikilvæg tengsl á milli aðila sem starfa á sviði þessa málaflokks.




Fæðingarorlof

Ein af áherslum ríkisstjórnarinnar er að styrkja fæðingarorlofskerfið með því meðal annars að lengja rétt foreldra til fæðingarorlofs. Á árinu voru ný lög um fæðingar- og foreldraorlof samþykkt og leystu þau af hólmi 20 ára gömul lög um sama efni.

Megininntak nýrra laga er að hvort foreldri um sig eigi rétt á greiðslum í fæðingarorlofi í sex mánuði en foreldrum sé þó heimilt að framselja sex vikur sín á milli. Í þeim tilvikum þegar foreldrar kjósa að framselja hluta af rétti sínum til hins foreldrisins getur því annað foreldrið tekið fæðingarorlof í allt að sjö og hálfan mánuð en hitt foreldrið í fjóra og hálfan mánuð. Í lögnum eru ýmis nýmæli, m.a. frekari heimildir til lengingar, framsals eða tilfærslu réttinda til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks þegar annað foreldrið getur ekki af návar tilgreindum ástæðum nýtt rétt sinn innan fæðingarorlofskerfisins. Einnig á barnshafandi foreldri rétt á sérstökum styrk vegna skerts aðgengis að fæðingarþjónustu í þeim tilvikum þegar foreldrið þarf að mati sérfræðilæknis að dvelja fjarri heimili sínu, fyrir áætlaðan fæðingardag, í tengslum við nauðsynlega þjónustu vegna fæðingar barns.

Vinumál




Heimsfaraldur kórónuveirunnar hafði gríðarleg áhrif á innlendan vinnumarkað á árinu 2020. Staðan á vinnumarkaði gjörbreyttist í marsmánuði, skráð atvinnuleysi fór hratt vaxandi og frá þeim tíma var ráðist í umfangsmiklar aðgerðir í því skyni að sporna gegn atvinnuleysi. Í desember 2020 voru tæplega 21.500 einstaklingar skráðir án atvinnu hjá Vinnumálastofnun en aldrei áður í sögu stofnunarinnar höfðu jafn margir verið skráðir án atvinnu.



Aðgerðir á vinnumarkaði vegna heimsfaraldurs kórónuveiru

Hlutabótaleiðin var samþykkt á Alþingi 20. mars 2020 en úrræðið var eitt umfangsmesta úrræði stjórnvalda vegna kórónuveirufaraldursins. Markmið úrræðisins var að viðhalda ráðningarsambandi og koma í veg fyrir uppsagnir eins og frekast var unnt. Strax í aprílmánuði 2020 höfðu rúmlega 33 þúsund einstaklingar sótt um atvinnuleysisbætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Úrræðið þykir hafa skilað árangri en einungis 20% þeirra sem fengu greiddar hlutabætur samhliða minnkuðu starfshlutfalli tímabundið á árinu 2020 voru skráðir án atvinnu í lok ársins.

Hlutabætur



Heimild: [Yfirlit yfir stöðu stærstu efnahagsaðgerða vegna COVID-19](#)

Lög um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir, voru samþykkt á Alþingi 20. mars 2020. Með lögnum var stuðlað að því að einstaklingar gætu fylgt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda um að sæta sóttkví án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni.

Tímabundin hækkun atvinnuleysisbóta vegna framfærsluskyldu gagnvart börnum var samþykkt á Alþingi 11. maí 2020. Þannig áttu þeir sem aðeins áttu rétt til grunnatvinnuleysisbóta og höfðu framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára rétt á 6% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum með hverju barni í stað 4% af óskertum grunnatvinnuleysisbótum áður.

Sumarið 2020 var ráðist í umfangsmikið átak til að búa til sumarstörf fyrir námsmenn en ákveðið var að veita 2,2 milljörðum króna í átaksvirkefni til að búa til 3.400 tímabundin störf. Í ljós kom að ekki reyndist þörf á svo mörgum störfum fyrir námsmenn en alls nutu tæplega 2.500 námsmenn úrræðisins á árinu 2020.

Gerðar voru breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar í því skyni að gera framkvæmd laganna skilvirkari, meðal annars svo flýta mætti afgreiðslu umsókna um atvinnuleysisbætur. Voru heimildir Vinnuálastofnunar til greiðslu atvinnuleysisbóta við gjaldþrot félaga jafnframt rýmkaðar.

Tekjutengt tímabil atvinnuleysisbóta var tímabundið lengt úr þremur mánuðum í sex mánuði fyrir þá einstaklinga sem misstu starf sitt í tengslum við heimsfaraldurinn.

Heimildir atvinnuleitenda til að stunda nám samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta voru rýmkaðar. Einnig var samþykkt átakið Nám

er tækifæri en þeim sem taka þátt í átakanu er gert kleift að stunda fullt nám samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta í eina önn, annaðhvort á vorönn árið 2021, haustönn árið 2021 eða vorönn árið 2022, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Enn fremur var gerð breyting þannig að einstaklingar í atvinnutengdri starfsendurhæfingu ávinni sér rétt til atvinnuleysisbóta.

Hinn 17. september 2020 undirritaði ráðherra nýja reglugerð um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um greiðslu styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Reglum var breytt til að veita atvinnurekendum aukið svigrúm til þess að ráða atvinnuleitendur til starfa með styrk frá Vinnuálastofnun. Breyttar reglur taka sérstaklega til þess að þegar atvinnuleysi á landsvísi eða á einstaka svæðum verður hærra en 6% sé fyrrnefnt svigrúm til ráðninga atvinnuleitenda til starfa með styrk frá Vinnuálastofnun rýmra en almennt er gert ráð fyrir.

Atvinnuleitendur fengu greidda desemberuppbót auk þess sem grunnatvinnuleysisbætur vegna ársins 2021 voru hækkaðar um 3,6% frá og með 1. janúar 2021. Einnig var ákvörðun tekin um að greitt yrði sérstakt viðbótarálag á grunnbætur atvinnuleysistrygginga á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2021. Álagið hljóðar upp á 2,5% og nam heildarhækkun grunnatvinnuleysisbóta því 6,1%.

Komið var til móts við greiðslur íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs. Lög þar að lútandi fela í sér umfangsmikinn stuðning við íþróttafélög sem hafa þurft að sæta takmörkunum og jafnvel fella niður starfsemi vegna sóttvarnarráðstafana.



Húsnæðismál

Framtíðarsýn stjórnvalda í málaflokknum er að landsmenn búi við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins, óháð efnahag og búsetu, og að þeir hafi raunverulegt val um búsetuform.

Áfram var unnið að innleiðingu tillagna átakshóps stjórnvalda um húsnæðismál á árinu 2020 en verkefnið gengur undir heitinu „Húsnæði fyrir alla“. Tillögurnar taka til málaflokksins á ólíkum sviðum, svo sem til almennra íbúða og stofnframlaga, stuðnings við leigjendur og fyrstu kaupendur, mannvirkjamála o.fl. Við gerð lífskjarasamninganna skuldbundu stjórnvöld sig til að koma tillögum til framkvæmda og var verkefnastjórn falin Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sér einnig um úthlutun stofnframlaga ríkisins og námu þau á árinu 2020 rúmlega 3,6 milljörðum króna til kaupa eða byggingar á 600 íbúðum á landinu öllu. Heildarfjöldi íbúða sem fengið hafa stofnframlög er því orðinn 2.625.

Húsnæðisbætur til leigjenda eru annað form húsnæðisstuðnings. Húsnæðisbætur eru mánaðarlegar greiðslur sem hafa það að markmiði að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun annast framkvæmd húsnæðisbóta og metur rétt umsækjenda. Árið 2020 var fjöldi viðtakenda að meðaltali 16.300 á mánuði og heildarfjárhæð greiddra húsnæðisbóta á árinu nam rúmlega 6,5 milljörðum.

Hlutdeildarlán til fyrstu kaupenda og þeirra sem ekki hafa átt fasteign undanfarin fimm ár er ný tegund húsnæðisstuðnings sem var komið á árið 2020. Hlutdeildarlánnum er ætlað að brúa eigin-

fjárkröfu við íbúðarkaup fyrir þá sem þess þurfa. Löggjöf um hlutdeildarlán tók gildi 1. nóvember 2020 og var fyrstu lánunum úthlutað 11. desember.

Lög um fjöleignahús tóku breytingum í júní 2020 þar sem liðkað er fyrir rafbílavæðingu í samræmi við stefnu stjórnvalda um orkuskipti í vegasamgöngum. Breytingarnar skýra betur þær reglur sem gilda um hleðslubúnað fyrir rafbíla í fjöleignarhúsum.

Breytingar á lögum um mannvirki voru samþykktar 7. desember 2020. Breytingarnar eru í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og lífskjarasamningana. Þær fela aðallega í sér einfaldari flokkun mannvirkja, rafræna stjórnsýslu mannvirkjagerðar og brottfall kröfu um faggildingunni fyrir byggingarfulltrúaembætti sveitarfélaga.

Til mannvirkjamála teljast einnig málaflokkarnir brunavarnir og rafmagnsöryggismál. Helsta markmið regluverks um brunavarnir er að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja fyrirbyggjandi eldvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.

Ráðherra hefur gripið til ýmissa ráðstafana til að efla brunavarnir á Íslandi, meðal annars með því að setja á fót samráðsvettvang margra hagsmunaaðila um brunavarnir í íbúðarhúsnæði og ráðast í aðgerðir á mörgum sviðum til að auka brunavarnir í íbúðum og öðru húsnæði þar sem fólk hefur búsetu. Auk þess var sú eining innan Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem sinnir eftirliti með starfsemi slökkviliða og menntun slökkviliðsmanna um land allt færð

á starfsstöð stofnunarinnar á Sauðárkróki. Markmið flutninganna er meðal annars að efla og stækka slökkviliðin á landsbyggðinni og bregðast við ábendingum í skýrslu sem unnin var af starfshópi skipuðum af stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Í uppfærðri aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum, sem kom út í júní 2020, má meðal annars finna aðgerð C.3 sem fjallar um loftslagsáhrif byggingariðnaðarins. Stofnað var til sérstaks samstarfsverkefnis sem felst í að gera vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð. Verkefnið felst einkum í að mæla losun byggingariðnaðarins og setja fram markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og minni umhverfisáhrif frá honum, eftir því sem mögulegt er. Auk þess verða skilgreindar aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Rík áhersla er lögð á að verkefnið verði unnið í breiðu samstarfi fyrirtækja úr byggingariðnaðinum og stjórnvalda.

Vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og samkomutakmarkana var tekin sú ákvörðun að fresta hinu árlega húsnæðisþingi, sem halda átti á haustmánuðum, fram yfir áramótin.





Almannatryggingar

Árið 2020 einkenndist að verulegu leyti af viðbrögðum stjórnvalda vegna COVID-19 og átti það einnig við um almannatryggingar. Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar sem áttu rétt á orlofs- og desemberuppbótum fengu sérstakar eingreiðslur á árinu 2020 að fjárhæð 10.000 kr., 20.000 kr. og 50.000 kr. Eingreiðslur þessar töldust ekki til tekna lífeyrisþega og höfðu því ekki áhrif á útreikning annarra greiðslna þeirra. Einnig fengu framfærendur barna með umönnunarmat vegna aukinnar umönnunarbyrði, viðbótargreiðslu að fjárhæð 48.108 kr. í formi eingreiðslu vegna faraldursins.

Hámarksstyrkir vegna kaupa á sérútbúnum og dýrum bifreiðum voru hækkaðir í því skyni að koma til móts við hreyfihamlaða einstaklinga sem þurftu á nýjum bílum að halda.

Fyrirkomulagi endurhæfingarlífeyris var breytt, m.a. geta einstaklingar sem voru að ljúka endurhæfingu en hafa hvorki áunnið sér rétt til atvinnuleysisbóta né verið skráðir í lánshæft nám, fengið áframhaldandi greiðslur. Greiðslutímabil endurhæfingarlífeyris þeirra sem þegar höfðu lokið 18 mánaða greiðslutímabili var einnig framlengt. Loks má nefna að í desember 2020 var í fyrsta skipti greidd sérstök desemberuppbót til maka- og umönnunarbótaþega

Breytingar á lögum um félagslega aðstoð voru gerðar á árinu og felast þær í því að 95% tekjutryggingar teljast nú til tekna örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega við útreikning framfærsluuppbótar í stað 100% áður. Breytingarnar ná einnig til þess að einungis skuli telja til tekna 50% af fjárhæð aldurstengdrar örorkuuppbótar í stað

100% áður og er það sérstaklega til þess fallið að bæta kjör tekju- lægstu hópa örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

BREXIT

Bretland gekk úr Evrópusambandinu (ESB) í lok janúar 2020 og tók þá við aðlögunartímabil sem gildi til ársloka 2020 og á því tímabili var Bretland áfram bundið af EES-samningnum. Undirritaður var samningur í lok janúar 2020 milli EES-EFTA ríkjanna og Bretlands sem leysir úr málum með sambærilegum hætti og gert er í útgöngusamningi Bretlands og ESB. Í samningnum er m.a. kveðið á um vernd áunninna réttinda í almannatryggingum, s.s. lífeyrisréttinda. Undirbúningur undir lok aðlögunartímabilsins og gildistöku nýja samningsins stóð yfir á árinu. Þá var samið um vernd réttinda þeirra sem hafa verið í aðstæðum er varða fleiri en eitt EES ríki og Bretland (þríhliða tenging) sem lauk með því að bætt var við nýjum kafla í almannatryggingahluta EES samningsins í desember 2020. Á árinu 2020 hófust einnig könnunarviðræður við Bretland um gerð framtíðarsamnings um gagnkvæm réttindi á sviði almannatrygginga.

Aldraðir

Málefni aldraða heyra undir bæði skrifstofu húsnæðis- og lífeyris mála og skrifstofu barna- og fjölskyldumála.

Starfshópur um lífkjör og aðbúnað aldraðra hélt áfram störfum á árinu. Eitt af verkefnum hópsins er að fjalla um það hvernig eldri borgarar geti aukið ráðstöfunartekjur sínar með aukinni atvinnuþátttöku og frestun töku lífeyris. Í hópnum hefur einnig verið unnið að gerð tillagna sem snúa m.a. að breytingum á lífeyriskerfinu í því skyni að bæta kjör aldraðra og auknum húsnæðisstuðningi við þá aldraða sem búa í leiguhúsnæði. Mikilvægt er að bregðast við yfirvofandi fjölgun í elstu aldurshópunum og breyttri aldursamsetningu þjóðarinnar. Meðal annars þarf að tryggja mönnum starfa innan öldrunargeirans og líta til þess að gera þjónustu við aldraða sveigjanlegri og persónuþaðri en hún er í dag og að hún sé veitt í nærumhverfi. Rýna þarf löggjöf og framkvæmd hennar varðandi aldraða og þá ekki síst hvað varðar eldra fólk með heilsubrest, svo sem vegna heilabilunarsjúkdóma, með það að markmiði að tryggja vernd gegn misnotkun og ofbeldi. Tryggja þarf fullnægjandi viðbrögð og ferli þegar tilkynningar um slíkt berast. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili lokatillögum sínum sumarið 2021.

Í nóvember tóku gildi lög um voru félagslegan viðbótarstuðning við aldraða. Með lögnum er komið á fót félagslegu kerfi viðbótarstuðning við aldraða þar sem gert er ráð fyrir heimild til sérstakra greiðslna til einstaklinga sem eru 67 ára og eldri og hafa áunnið sér lítil sem engin lífeyrisréttindi á Íslandi vegna búsetu erlendis. Er stuðningur þessi þannig ætlaður þeim sem búa við lökustu kjörin í hópi aldraðra einstaklinga á landinu, að uppfylltum tilteknum ski-

lyrðum um tekjur, eignir og löglega búsetu hér á landi. Við undirbúning málsins var byggt á tillögum starfshóps um kjör aldraðra sem skilaði skýrslu í lok ársins 2018.

Þá var samþykkt frumvarp til laga um breytingar á lögum um almanna-tryggingar sem varðar skilyrði fyrir greiðslu hálfes ellilífeyris. Heimild til töku hálfes ellilífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar er liður í að auka möguleika fólks til sveigjanlegra starfsloka og eru lögin mikilvægt skref í að framkvæmd þess sé með sem bestum hætti. Gerðar voru breytingar á lögnum sem gerir fleiri einstaklingum kleift að nýta sér úrræðið og þannig vera lengur á vinnumarkaði samhliða töku lífeyris að hluta, bæði frá lífeyrissjóðum og almanna-tryggingum.

Í lok árs gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands greiningu á högum eldri borgara á Íslandi. Þetta er í fimmta sinn sem könnun á högum og líðan aldraðra er lögð fyrir, en hún var fyrst gerð árið 1999, síðan árið 2006, svo árið 2012 og í fjórða sinn 2016. Í niðurstöðunum má sjá þróun frá fyrri könnunum, en einnig hefur verið bætt við nokkrum nýjum spurningum, meðal annars varðandi líðan á tímum faraldursins.

Sett var af stað átaksverkefni til að efla félagsstarf fullorðinna sumarið 2020 í samvinnu við sveitarfélög. Sveitarfélögin gátu sótt um styrk til að auka starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020, umfram hefðbundið sumarstarf, vegna COVID-19.





Málefni fatlaðs fólks

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Starfshópur fulltrúa fimm ráðuneyta undir forystu félagsmálaráðuneytisins stóð fyrir breiðu samráði við hagsmunaaðila um samninginn og kynnti samninginn á sérstökum samráðsvettvangi ríkis, sveitarfélaga og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks í júní 2020. Skýrsla starfshópsins um samninginn verður lögð fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til yfirferðar og gert ráð fyrir skýrsla Íslands verði tekin fyrir í byrjun árs 2023. Eftir yfirferð starfshópsins er ljóst að enn standa eftir áskoranir sem koma þarf til móts við. Starfshópurinn hefur unnið samantekt á öllum stefnum, áætlunum, lögum, reglugerðum, leiðbeiningum og öðrum þeim upplýsingum sem eru til staðar um framkvæmd einstakra greina samningsins. Slík kortlagning er forsenda heildstæðrar landsáætlunar þar sem brugðist yrði við þeim áskorunum sem greinar samningsins bera með sér. Samhliða gerð skýrslunnar vann starfshópurinn einnig að endurskoðun þýðingar á samningnum vegna mikillar gagnrýni sem fram hefur komið á hana.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Unnið var að frekari innleiðingu á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) á árinu. Með nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, var NPA fest í lög. Reglugerð um NPA tók síðan gildi fyrir áramót 2018/2019 þar sem umgjörð og innihaldi þjónustunnar voru settar skýrari skorður. Gert er ráð fyrir því að innleiðingu NPA verði lokið á árinu 2022. Sett hefur verið upp sérstök síða á vef félagsmálaráðuneytisins fyrir verkefnið en þar er að finna ítarlegar upplýsingar um mismunandi samningsform,

eyðublöð sem og almennar upplýsingar um verkefnið. Sérstök handbók eða leiðbeiningar um NPA var síðan kynnt í júní 2019. Sett voru á laggirnar námskeið sem notendur, aðstoðarfólk og umsýsluaðilar sóttu. Gert er ráð fyrir að reglugerðin verði endurskoðuð á árinu 2021. Í lok árs voru gildir samningar 83 og var heildarupphæð þeirra þá rúmlega 2.147 milljónir kr.

Landshlutateymi/velferðarstofur

Á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins hófst starf við mótun svokallaðra landshlutateyma en þeim er ætlað að styðja betur þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra í nærsamfélaginu. Eitt slíkt teymi hóf störf á árinu og er reiknað með að fleiri hefji störf árið 2020. Í tengslum við þróun landshlutateyma voru sett af stað verkefni undir nafni velferðarstofu sem hafa það markmið að samþætta og samhæfa þjónustu ríkis og sveitarfélaga á sviði félagsmála, heilbrigðismála og menntamála.

Öryggisþjónusta ríkisins

Í lok árs 2019 stofnaði félagsmálaráðuneytið til óformlegs samráðs við heilbrigðis- og dómsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga um þjónustu við tiltekna einstaklinga sem þurfa á öryggisþjónustu að halda. Markmiðið er að tryggja að þjónusta og skipulag samstarfs ríkis og sveitarfélaga við einstaklinga sem eru eldri en 18 ára og þurfa á öryggisvistun eða sérhæfðri endurhæfingu í öryggisgæslu að halda verði í samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og alþjóðlega viðurkennd gæðaviðmið. Unnin hefur verið stefnumótun um öryggisþjónustuna og á grundvelli hennar er hafinn undirbúningur að lagasmíð um öryggisþ-

jónustu. Þeirri vinnu mun ljúka haustið 2021. Jafnframt hefur verið hafinn undirbúningur að byggingu nýs húsnæðis fyrir þjónustuna í Reykjanesbæ. Gert er ráð fyrir að sú bygging verði tilbúin um mitt ár 2023.

Stofnað hefur verið til samráðs ráðuneyta félags-, heilbrigðis- og dómsmála um náð samstarf um viðbrögð þegar upp koma aðstæður sem kalla á að brugðist verði fúmlaust við bráðavanda sem upp kann að koma hjá markhópnum eða við aðstæður þar sem einstaklingar úr hópnum dvelja.

Verkefni til að bregðast við neikvæðum áhrifum COVID 19

Á árinu voru veittar:

- 60 m.kr. til að styrkja dagþjónustu við fatlað fólk. Um var að ræða framlag til að bjóða upp á frekari fjölbreytni í þjónustu við þennan hóp.
- 25 m.kr. til stofnunar sérstaks landshlutateymis á Suðurnesjum fyrir fötluð börn innflytjenda. Um er að ræða samstarfsverkefni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og sveitarfélaga á Suðurnesjum.
- 10 m.kr. til þess að þróa, auka og styrkja leiðbeiningar og annað stuðningsefni fyrir fötluð börn innflytjenda og foreldra þeirra.
- 105 m.kr. í verkefnið Sumarfjör í samstarfi við Styrktarfélag lam- aðra og fatlaðra þar sem megináhersla var lögð á að bjóða fötluðum börnum og fjölskyldum upp á sumarfrjör/orlof. Starfsemin var á fjórum stöðum á landinu, í Skagafirði, Vík í Mýrdal, Hafnarfirði og Grindavík. Um 200 börn gátu notið þessara úrræða.

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021

Árið 2017 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu félags- og jafnréttismálaráðherra um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021. Í framkvæmdaáætlun eru tilgreindar 40 aðgerðir á sjö málavíðum sem lúta að aðgengi, atvinnu, heilsu, ímynd og fræðslu, menntun, sjálfstæðu lífi og þróun þjónustu. Meginmarkmið framkvæmdaáætlunarinnar eru að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði innleiddur í alla lagaumgjörð og framkvæmd. Þannig megi stuðla að því að fatlað fólk, börn jafnt sem fullorðnir, geti lifað sjálfstæðu lífi og njóti mannréttinda til jafns við aðra. Ráðherraskipaður starfshópur, leiddur af félagsmálaráðuneytinu, fer með eftirfylgni með framkvæmd þingsályktunarinnar en hann er skipaður fulltrúum frá dómismálaráðuneytinu, Landssamtökunum Þroskahjálp, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Öryrkjabandalagi Íslands.

Meirihluti þeirra aðgerða sem lagðar eru fram í áætluninni eru komnar til framkvæmda eða þeim lokið. Þær aðgerðir sem eftir standa eru í undirbúningi eða eru í nánari skoðun með tilliti til vinnu við önnur tengd verkefni. Þá gerir framkvæmdaáætlunin árlega ráð fyrir ákveðnu fjármagni til verkefna sem ekki eru tilgreind sérstaklega í þingsályktun en er hins vegar ætlað að styðja við þær aðgerðir. Á árinu var ráðist í nokkur slík verkefni þar með talið a) verkefni sem greiða eiga aðgengi fatlaðs fólks með fjölbreyttar stuðningsþarfir að hreyfingu og íþróttastarfi, b) verkefni sem lúta að því að auka tækifæri og aðgengi nemenda, sem lokið hafa námi af starfsbrautum framhaldsskóla, að menntun, atvinnu og tómstundum, c) kortlagning á atvinnu- málum fólks sem fær þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og d) stuðningur til verkefna sem lúta að aðgerðum gegn ofbeldi á fötluðu fólki.



Málefni innflytjenda og flóttafólks

Heimsfaraldur kórónuveirunnar setti mark sitt á málefni innflytjenda og flóttafólks á árinu. Strax í upphafi faraldursins hér á landi þurfti að grípa til sérstakra aðgerða til þess að ná til viðkvæmra hópa í samfélaginu og tryggja að mikilvægar upplýsingar og leiðbeiningar vegna viðbragða stjórnvalda til þess sporna gegn útbreiðslu faraldursins hér á landi væru aðgengilegar á helstu tungumálum innflytjenda og flóttafólks hér á landi. Síðan Covid.is var tekin í notkun á íslensku, ensku og pólsku en aðrar mikilvægar upplýsingar um sóttvarnir, samkomutakmarkanir og leiðbeiningar um sóttkví og einangrun voru þýddar á fjölda annarra tungumála til þess að mæta þörfum þeirra sem ekki skilja nægilega vel íslensku eða ensku. Einnig var lögð aukin áhersla á að ná til innflytjenda í gegnum samfélagsmiðla með auglýsingum, meðal annars um barnavernd, 112 og sérstaka íþrótta- og tómstundastyrki fyrir börn. Þá var Hjálparsími Rauða krossins styrktur og var boðið upp á ráðgjöf og vefspjall á pólsku einu sinni í viku.

Faraldurinn hafði mikil áhrif á innflytjendur og þegar atvinnuleysi jókst kom skýrt í ljós að mörg mál er varða innflytjendur sérstaklega voru flóknari viður- eignar og kröfðust aðkomu fjölda aðila við úrlausn. Þá kom upp sú staða að fjöldi fólks komst ekki af landi brott þegar dvalarleyfi þeirra var að renna út vegna þess að landamæri lokuðust. Undirbúningur opunar ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur fór fram á árinu en hlutverk hennar er að veita innflytjendum leiðbeiningar og aðgengilegar upplýsingar um þjónustu og úrvinnslu mála. Þannig má létta á álagi sem skapaðist á öðrum þjónustustofnunum á borð við félagsþjónustu sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Útlendingastofnun og annarra þjónustuaðila.

Félags- og barnamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra gerðu samning við Móðurmál – samtök um tvítyngi um að bjóða upp á fjarkennslu í móðurmáli og einstaklingsbundna aðstoð við heimanám á meðan takmörkun á skólastarfi var í gildi.

Helstu verkefni innflytjendaráðs á árinu voru tvíþætt, annars vegar að gera tillögur til ráðherra um áherslur vegna styrkveitinga úr þróunarsjóði innflytjendamála og hins vegar vinna við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda fyrir árin 2021-2024. Framlög til þróunarsjóðs innflytjendamála voru aukin úr 10 milljónum kr. í 25 milljónir kr. Þetta árið samkvæmt ákvörðun ráðherra og sérstök áhersla var lögð á styrki til verkefna í þágu barna og ungmenna. Alls var styrkjum til 20 verkefna úthlutað.

Þjónusta Fjölmenningsseturs var eflað á árinu þar sem aukið var við ráðgjöf og upplýsingamiðlun á heimasíðu var endurskoðuð og færð í betra horf.

Skýrslan Staða kvenna af erlendum uppruna – Hvar kreppir að? var kynnt í upphafi ársins en skýrsluna unnu þær Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir fyrir ráðuneytið. Tilfni verkefnisins voru þær aðstæður sem konur af erlendum uppruna lýstu í frásögnum sínum í tengslum við #Metoo árið 2018.

Reykjanesbær hlaut styrk frá félagsmálaráðuneytinu vegna verkefnisins Allir með. Verkefnið lýtur að því að hvetja öll börn til íþrótt- og tólmundastarfs og allir sem vinna með börnum vinni að vellíðan þeirra með skipulögðu hætti. Sérstök áhersla var á börn af erlendum uppruna.

Aldrei hafa fleiri einstaklingar fengið alþjóðlega vernd en á árinu 2020 og hafa verkefnum er varðar málefni flóttafólks fjölgað ört innan stjórnsýslunnar. Ekki var unnt að taka á móti hópi flóttafólks á árinu í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna vegna kórónuveirufaraldursins en stefnt hafði verið að því að taka á móti 85 einstaklingum sem staðsettir eru í Líbanon, Íran og Kenía. Móttakan færir yfir til ársins 2021.

Unnið var að innleiðingu samræmdrar móttöku flóttafólks á árinu. Samband íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytið undirrituðu á árinu viljayfirlýsingu um að hefja reynsluverkefni vegna innleiðingar samræmds móttökukerfis fyrir allt flóttafólk, óháð því hvornig það kemur til landsins. Verkefnið felur í sér að móttöku-sveitarfélög tryggi samfellda og sveigjanlega þjónustu með gerð einstaklingsmiðaðra áætlana. Félagsmálaráðuneytið hefur gefið út kröfulýsingu þar sem skilgreind er sú þjónusta sem móttökusveitarfélögum ber að veita samkvæmt samningi við ráðuneytið. Markmiðið með reynsluverkefninu er að afla frekari gagna sem hægt verður að nýta til ákvarðanatöku um áframhaldandi innleiðingu á samræmdri móttöku flóttafólks. Félagsmálaráðuneytið sendi bréf til allra sveitarfélaga til að kanna hug þeirra á þátttöku í verkefnum og að ganga til samninga við ráðuneytið. Vinnumálastofnun og Fjölmenningssetur hafa fengið aukin hlutverk vegna samræmdrar móttöku og þjónustu við einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd, óháð því hvort einstaklingar ákveða að þiggja boð um að fara í móttökusveitarfélög. Fjölmenningssetur vann að aukinni fræðslu til sveitarfélaga og upplýsingagjöf til einstaklinga með vernd. Vinnumálastofnun vann að gerð samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk og var fyrirhugað að hefja fræðsluna á árinu en tafir urðu á útgáfu fræðsluefnisins vegna heimsfaraldursins.



Velferðarvaktin

COVID-19 faraldurinn setti svip sinn á störf Velferðarvaktarinnar á árinu, bæði hvað varðar verkefni og vinnutilhögun. Velferðarvaktin taldi mikilvægt að ekki yrði dregið úr fundahöldum á þessum óvissutímum, þrátt fyrir samkomutakmarkanir, og hafa allir fundir að einum undanskildum verið á fjarfundarformi síðan faraldurinn braust út. Skipunarbréf fulltrúa Velferðarvaktarinnar var endurnýjað þann 1. september 2020 og voru flestir fulltrúar endurskipaðir.

Ráðgefandi aðili á tímum COVID-19

Stjórnvöld ákváðu að Velferðarvaktin yrði ráðgefandi aðili fyrir tvö teymi sem sett voru á laggirnar vegna faraldursins, fyrst í mars 2020 fyrir viðbragðsteymi velferðarþjónustu og síðar í júní 2020 fyrir uppbyggingarteymi félags- og atvinnu- mála í kjölfar COVID-19. Þessi tilhögun fól í sér að Velferðarvaktin hafði mjög gott aðgengi að teygunum, fundaði með þeim reglulega, kom ábendingum á framfæri og fékk sendar allar stöðuskýrslur teymanna um hæl. Með þessum hætti var byggð góð brú milli teymanna og þeirra aðila sem eiga fulltrúa í Velferðarvaktinni. Mikilvægar upplýsingar komust fljótt til skila sem átti sinn þátt í því að hraðar gekk að bregðast við þeirri stöðu sem upp kom hverju sinni vegna faraldursins. Á þennan hátt gat Velferðarvaktin átt beint samtal við stjórnvöld og skiluðu ábendingar og tillögur Velferðarvaktarinnar sér í ýmsum þeim mótvægisaðgerðum sem stjórnvöld gripu til. Í stöðuskýrslu uppbyggingarteymisins frá 22. desember 2020, var samstarfinu lýst: „Það er vert að þakka sérstaklega félagasamtökum og sveitarfélögum fyrir þá vinnu enda endurspeglast upplýsingar þeirra í aðgerðum til handa viðkvæmum hópum sem gripið var til með afgerandi hætti á árinu 2020 og haldið verður áfram með á árinu 2021. Frá upphafi heimsfaraldurs hafa bæði fulltrúar viðbragðs- og uppbyggingarteymis átt þétt samstarf við Velferðarvaktina sem miðlað

hefur upplýsingum inn í teymin auk þess sem fulltrúar teymanna hafa mætt á fundi til að eiga samtal og þiggja þekkingu sem þar býr og mikilvæg hefur verið á þessu ári.“

Í nóvember fóru nokkrir fulltrúar Velferðarvaktarinnar til fundar við velferðarnefnd Alþingis til að ræða stöðuna á Suðurnesjum en Velferðarvaktin hefur fylgst sérstaklega með stöðunni á svæðinu eftir að heimsfaraldurinn skall á.

Þá sendi Velferðarvaktin undir lok árs frá sér tillögur til stjórnvalda um leiðarljós á tímum COVID-19. Þær eru 14 talsins og má finna á heimasvæði vaktarinnar.

Rannsóknir á vegum Velferðarvaktarinnar

Velferðarvaktin hefur staðið að nokkrum rannsóknnum sem kynntar voru á árinu eða eru enn í vinnslu. Í mars voru kynntar niðurstöður könnunar Velferðarvaktarinnar, sem Maskína framkvæmdi, um námsgagnakostnað og fleiri atriði sem geta tengst brotthvarfi úr framhaldsskólanámi. Í kjölfarið lagði vaktin til að aðgengi framhaldsskólanema að geðheilbrigðisþjónustu og félagsráðgjöf verði bætt, stefnt verði að lækkun námsgagnakostnaðar framhaldsskólanema í skrefum, komið verði betur til móts við nemendur sem bera aukakostnað vegna búsetu fjarri skóla og að þjónusta við nemendur með annað móðurmál en íslensku verði efl.

Vinna við rannsókn á brotthvarfi og námstöfum á framhaldsskólastigi er nú á lokastigi. Þar er litið til félagslegs og efnahagslegs bak-

grunns nemenda ásamt námsárangri á grunnskólastigi með það fyrir augum að kortleggja þætti sem spá fyrir um brotthvarf og náms-
tafir. Áætlað er að niðurstöður rannsóknarinnar verði kynntar í byrjun sumars 2021.

Að beiðni Velferðarvaktarinnar og félagsmálaráðuneytisins var Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands falið að framkvæma úttekt á fyrirkomulagi matarúthlutana og ráðgjafar hjálpsamtaka með það að markmiði að kanna hvers konar aðstoð er veitt, kortleggja hvaða hópar leita til hjálpsamtaka eftir aðstoð, kanna viðhorf til aðstoðarinnar og hvað megi bæta. Í framhaldinu lét Velferðarvaktin kanna hvernig fyrirkomulag aðstoðar hjálpsamtaka væri háttað á Norðurlöndunum. Niðurstöður verða kynntar og nýttar á árinu 2021.



Norrænt samstarf

Sökum heimsfaraldurs COVID-19 fóru norrænir samstarfsfundir og ráðstefnur fram rafrænt. Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál (MR-S) fundaði þann 4. september. Enginn formlegur fundur fór fram í ráðherranefnd um vinnumál (MR-A) en haldinn var fjárfundur norrænu vinnumálaráðherranna þann 12. júní til þess að ræða helstu áskoranirnar sem vinnumarkaðurinn stæði frammi fyrir á tímum COVID-19 og skipst var á reynslu af mótvægisáðgerðum í löndunum. Fundur norrænna byggingar- og húsnæðismálaráðherra fór fram þann 14. september. Nokkrir óformlegir rafrænir fundir fóru einnig fram svo ráðherrar gætu borið saman bækur sínar um viðbrögð við faraldrinum. Auk ráðherrafunda voru haldnir fundir og staðið fyrir verkefnum hjá norrænu embættismannanefndinni um félags- og heilbrigðismál (EK-S), Norræna fötlunnaráðinu, ráði Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar, Norrænu hagskýrslunefndinni (NOSOSKO), norrænum tengslanetum og fleiri aðilum. Starfið í embættismannanefndunum litaðist bæði af COVID-19 og upphafi nýrrar framtíðarsýnar í norrænu samstarfi sem hafa mun afgerandi áhrif á alla vinnu næstu árin.

Á árinu var unnið að formennskuverkefni Íslands, Fyrstu 1000 dagar barnsins á Norðurlöndunum, sem félags- og barnamálaráðherra og heilbrigðisráðherra tóku frumkvæði að í tilefni formennskuárs Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019. Verkefnið er leitt af Embætti landlæknis, nær til árána 2019-2021 og beinist að því að skoða hvernig Norðurlöndin vinna að eflingu geðheilsu og vellíðanar á fyrstu æviárum barna og hvaða aðferðum er beitt til að bregðast snemma við áhættuþáttum í lífi barna og foreldra þeirra. Fyrsti áfangi verkefnisins, stöðugreining, þar sem kortlagt er hvernig

löndin standa að því að bæta vellíðan barna, var kynnt 9. nóvember í félagsmálaráðuneytinu og heilbrigðisráðuneytinu, og gefin út opinberlega skömmu síðar. Næsta skref er að yfirfara úrræðin sem nýtt eru innan Norðurlandanna á meðgöngu og fyrstu æviárunum til að efla tengsl foreldra og ungra barna, finna áhættuþætti og fleira. Einnig skal skoða hversu vel úrræðin eru studd rannsóknunum, gagnreyndum aðferðum og vísindalegum grunni.

Norrænt samstarf á sviði félagsmála mótast þessi árin af sameiginlegum áherslumálum og þeirri framtíðarsýn sem sett var fram í skýrslu Árna Páls Árnasonar, þekking sem nýttist – tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála, frá árinu 2018. Skýrslan er stefnumótandi úttekt á norrænu samstarfi á félagssviðinu. Nú þegar er unnið að innleiðingu helmings þeirra 14 tillagna sem skýrslan innifelur. Búið að endurskoða starfsemi Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (NVC) og Norrænu hagskýrslunefndarinnar (NOSOSKO). Þá er unnið að innleiðingu tillögu um félagslegar aðgerðir með áherslu á notendur, börn, ungmenni og fullorðna í viðkvæmri stöðu og félagslega þjónustu í strjálbýli. Ráðherranefndin áætla á næstunni að skoða nánar kerfisbundið samstarf um þekkingu og aðgerðir sem virka í reynd á félagssviðinu og aukið samstarf við sjálfbóðaliðasamtök.

Fjöldi ráðstefna og þinga fóru fram á árinu. Má þar nefna Norræna barnaþingið, sem haldið var í Kaupmannahöfn 16. janúar að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar, UNICEF Danmerkur og fleiri í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmálans í nóvember 2019. Þingið sóttu 65 börn á aldrinum 12-16 ára frá öllum Norðurlöndunum. Börnin frá Íslandi komu frá réttindaskólum UNICEF hér á landi.

Á þinginu afhentu börnin sameiginlega norræna barnayfirlýsingu sem samin var á grunni Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar er lögð áhersla á að öll börn og ungmenni á Norðurlöndunum skuli þekkja Barnasáttmálann og réttindin sem honum fylgja, hlusta skuli á öll börn og ungmenni og hafa samráð við þau í öllum ákvörðunum sem þau skipta og að öll börn og ungmenni eigi að vera hluti af samfélaginu svo við getum sameiginlega fyrirbyggt einmanaleika. Börnin lögðu í framhaldinu fram skýrar tillögur um hvernig megi innleiða norrænu barnayfirlýsinguna þar sem þau verja tíma sínum helst, en það er með fjölskyldunni, í skólanum, frístundastarfi og nærsamfélagi þeirra. Þá má nefna að haldin var netráðstefna um heimilisleysi, á vegum dönsku formennskunnar í Norrænu ráðherra-nefndinni, þann 26. nóvember. Í vinnumálum fór fram vefstefna þann 26. nóvember á vegum dönsku formennskunnar sem markaði lok fjögurra ára norræns rannsóknarverkefnis um framtíðaráskoranir og tækifæri með breytingum á norrænum vinnumarkaði. Í byggingar- og húsnæðismálasamstarfinu samþykktu ráðherrarnir meðal annars framkvæmdaáætlun sem segir fyrir um mikilvægustu aðgerðir landanna í húsnæðis- og byggingarmálum á tímabilinu 2021-2024. Aukin áhersla er á fjárfestingar í grænum og hugvitsamlegum lausnum með það að markmiði að skapa umhverfissvænni byggingariðnað. Einnig var rætt um endurreisn efnahagsins eftir COVID-19 faraldurinn. Þar gegnir byggingariðnaðurinn mikilvægu hlutverki og ráðherrarnir sammála um að framkvæmdaáætlunin væri góður grundvöllur fyrir þá vinnu sem miðar að því að efla húsnæðis- og byggingariðnaðinn eftir heimsfaraldurinn.

Farið var af stað með fjögur mismunandi verkefni til að framfylgja framtíðarsýn norræna samstarfsins sem samþykkt var 2019 um Græn Norðurlönd. Markmiðið er að fá að borðinu hagsmunaaðila,

fyrirtæki, félagasamtök, opinberar stofnanir og ráðuneytin. Tilgangurinn er að draga úr kolefnisspori byggingariðnaðarins og reyna að samræma græna hvata.

Á árinu fór fram mikil umræða um hvernig norræn samvinna getur dýpkað þá lærdóma sem draga má af heimsfaraldurinum. Búast má við að fjölmörg samnorræn COVID-19 tengd verkefni muni hafa áhrif á samstarfið á næstu árum þar sem bæði verði tekið á því sem aflaga fór og reynt að búa löndin undir komandi faraldra í hvaða mynd sem þeir kunna að birtast.



Styrkveitingar

Styrkjum af safnliðum fjárlaga hefur verið úthlutað árlega um langt skeið en þeir eru veittir til félagasamtaka sem vinna að verkefnum á sviði félags- og velferðarmála. Í febrúar veitti ráðherra styrki til 33 félagasamtaka og nam heildarfjárhæð styrkja alls tæplega 140 milljónum króna.

Þetta árið var lögð sérstök áhersla á verkefni sem lúta að málefnum barna og fjölskyldna. Meðal þeirra voru verkefni á vegum Barnaheilla, Rauða krossins á Íslandi, KFUM og KFUK og Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Einnig voru veittir styrkir til verkefna sem heyrja undir önnur málefnasvið félags- og barnamálaráðherra sem lúta m.a. að málefnum fatlaðs fólks, fátækt, geðheilsu, félagslegri virkni og ofbeldi.

Í ávarpi sínu við úthlutun talaði ráðherra um það verðmæta starf sem frjáls félagasamtök sinna á degi hverjum í þágu samfélagsins, einkum þau sem vinna að því að gæta hagsmuna þeirra sem standa höllum fæti í samfélaginu. Þá sagði ráðherra mikilvægt að til staðar sé sjóður til þess að sækja í, bæði til þess að geta viðhaldið góðum verkefnum en ekki síst til þess að geta þróað ný verkefni.


Við úthlutanir styrkjanna síðustu ár er orðin hefð fyrir því að fá valda styrkþega til þess að kynna verkefnin sem þau hljóta styrk fyrir. Að þessu sinni voru kynnt tvö verkefni sem hafa verið í gangi um árabíl og reynst vel þeim sem á hafa þurft að halda. Annars vegar er um ræða sumarbúðir KFUM og KFUK fyrir börn með sérþarfir og hins vegar Systkinasmiðjuna, sem býður upp á sérstök námskeið fyrir systkini barna með sérþarfir.

Útgjöld málefnasviða og málaflokka

Útgjöld málefнасviða og málaflokka

Rekstargjöld og fjárfestingar

Mynd 1. Raunútgjöld og fjárfestingar málefnasviða sem heyra að hluta eða í heild sinni undir félagsmálaráðuneytið.



Rekstrargjöld og fjárfestingar. Myndir sýnir skiptingu raunútgjalda málefnasviða sem heyra að hluta til eða í heild sinni undir félagsmálaráðuneytið 2020. Heildarfjárhæð raunútgjalda og fjárfestinga eru 288.416 m.kr. Ábyrgð á málefnasviði 28, Málefni aldraðra, og málefnasviðs 30, Vinnumarkaður og atvinnuleysi, er alfarið hjá félagsmálaráðuneytinu. Á málefnasviði 27, málefnasviði 29 og málefnasviði 31 eru málaflokkar sem tilheyra öðrum ráðuneytinum og eru útgjöld þeirra tilgreind hjá viðkomandi ráðuneytinum. Málefnasviði 32 tilheyrir þremur ráðuneytum og er málaflokkur 32.4 stjórnsýsla félagsmála á ábyrgð félagsmálaráðuneytisins.

Tafla 1. Rekstur málefna sviða og málaflokka.

Málefna svið	Raun	Áætlun	Frávik innan ársins	Frávik innan ársins %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafnað frávik	Uppsafnað frávik % fyrra ári
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	71.232,6	72.234,6	1.002,0	1,4%	60,2	1.062,2	1,5%
27.10 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir	46.595,9	48.010,6	1.414,7	2,9%	0,0	1.414,7	2,9%
27.20 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka	23.058,1	22.477,0	-581,1	-2,6%	0,0	-581,1	-2,6%
27.30 - Málefni fatlaðs fólks	766,5	773,7	7,2	0,9%	60,2	67,4	8,1%
27.40 - Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)	812,0	973,3	161,3	16,6%	0,0	161,3	16,6%
28 Málefni aldraðra	86.135,2	87.035,7	900,5	1,0%	0,0	900,5	1,0%
28.10 - Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra	79.545,3	80.060,1	514,8	0,6%	0,0	514,8	0,6%
28.20 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun	6.513,4	6.751,0	237,6	3,5%	0,0	237,6	3,5%
28.30 - Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta.	76,5	224,6	148,1	65,9%	0,0	148,1	65,9%
29 Fjölskyldumál	27.932,7	27.309,5	-623,2	-2,3%	818,0	194,8	0,7%
29.20 - Fæðingarorlof	16.486,3	16.930,7	444,4	2,6%	-0,9	443,5	2,6%
29.30 - Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur	376,6	429,5	52,9	12,3%	0,0	52,9	12,3%
29.40 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	10.301,9	8.662,6	-1.639,3	-18,9%	749,4	-889,9	-9,5%
29.50 - Bætur til eftirlifenda	456,5	454,0	-2,5	-0,5%	0,0	-2,5	-0,5%
29.70 - Málefni innflytjenda og flóttamanna	311,3	832,7	521,4	62,6%	69,5	590,9	65,5%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	88.331,8	93.632,9	5.301,1	5,7%	103,5	5.404,6	5,8%
30.10 - Vinnumál og atvinnuleysi	87.279,8	92.559,6	5.279,8	5,7%	76,4	5.356,2	5,8%
30.20 - Vinnumarkaður	1.052,0	1.073,2	21,3	2,0%	27,1	48,3	4,4%
31 Húsnæðisstuðningur	10.442,9	10.237,0	-205,9	-2,0%	-21,4	-227,3	-2,2%
31.10 - Húsnæðisstuðningur	10.442,9	10.237,0	-205,9	-2,0%	-21,4	-227,3	-2,2%
32 - Lýðheilsa og stjórnáslá velferðarmála	3.717,6	3.486,3	-231,3	-6,6%	57,2	-174,1	-4,9%
32.4 Stjórnáslá félagsmála	3.717,6	4.007,2	-289,6	7,2%	57,2	346,8	8,5%
Samtals	287.792,8	294.456,9	6.664,0	2,3%	1.017,5	7.681,5	2,6%

Fjárhæðir í milljónum króna



Málefnavið 27

Málefnavið 27 Örorða og málefni fatlaðs fólks er 1,4% undir heimildum ársins eða um milljarði króna. Greiðslur vegna örorku falla á þrjú málaflökka, **málaflökkur 27.1 sem eru bætur skv. lögum um almannatryggingar, málaflökkur 27.2 sem eru bætur skv. lögum um félagslega aðstoð og málaflökkur 27.4 sem eru aðrar greiðslur vegna örorku.** Þannig getur einstaklingur með örorku fengið samsettar greiðslur úr 2-3 málaflökum og telur ráðuneytið því rétt að gera grein fyrir útgjöldum málaflökkanna þriggja saman.

Á árinu 2020 bættist við 1,1 ma.kr. í nýja fjárheimild örorkulífeyris á málaflökki 27.1 til að styrkja kjör öryrkja. Ráðstöfun fjárheimildar var ekki ljós fyrir en viðeigandi frumvörp voru samþykkt á Alþingi í desember 2020 og lenda útgjöldin á málaflökki 27.2 á meðan fjárheimildin er á málaflökki 27.1 og hafa verið lögð drög að leiðréttingu. Þá er fjölgun örorkulífeyrisþega minni en ráð var fyrir gert en fjölgun endurhæfingarlífeyrisþega hefur verið umfram spár, en þeim einstaklingum sem koma nýir inn á örorku er markvisst beint í endurhæfingu í upphafi, sé þess kostur, til að stemma stigu við nýgengi örorku. Óreglulegir liðir eins og bifreiðakostnaður og önnur gjöld voru einnig undir áætlun. Nokkrar lagfæringar voru gerðar í fjárukaalögum ársins vegna þessa, en niðurstaða ársins er 1,4% afgangur eða tæplega milljarður króna.

Málefnavið 28

Á **málefnaviði 28** eru þrjú málaflök vegna greiðslna til ellilífeyrisþega. **Málaflökkur 28.1 eru bætur skv. lögum um almannatryggingar, málaflökkur 28.2 eru bætur skv. lögum um félagslega aðstoð og málaflökkur 28.3 eru aðrar greiðslur ótaldar.** Greiðslur 2020 voru 1% eða 900 m.kr. undir fjárheimildum. Fjárheimildir voru auknar

um 1,7 ma.kr. í fjárukaalögum vegna vísbendinga um tekjusaðrátt ellilífeyrisþega og meiri fjölgunar þeirra en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga sem og vegna laga um félagslegan viðbótarstuðning sem tóku gildi í lok árs. Þróunin varð ekki eins skörp og gert var ráð fyrir og endaði árið því í afgangi.

Málefnavið 29

Í heild sinni eru útgjöld málefnaviðsins 27,9 ma.kr en heildarfjárheimildir ársins voru 28,1 ma.kr. Afkoma málefnaviðsins er jákvæð um 184 m.kr. eða 0,7%.

Málaflökkur 29.2 Fæðingarorlof er um 443 milljónir kr. innan fjárheimilda á árinu 2020 eða sem nemur 2,6%. Fæðingarorlofið var lengt um einn mánuð frá 1. janúar 2020 og fór möguleg orlofstaka foreldra úr níu mánuðum í tíu mánuði vegna barna sem fæddust 2020, voru tekin í varanlegt fóstur eða ættleidd á árinu. Skipting orlofsins milli foreldra fór úr þriggja mánaða sjálfstæðum rétti hvors foreldris og þriggja mánaða sameiginlegum rétti (samtals níu mánuðir), í fjögurra mánaða sjálfstæðan rétt hvors foreldris og tveggja mánaða sameiginlegs réttar (samtals 10 mánuðir). Lenging orlofsins um einn mánuð fór í raun til feðranna, þar sem fram að þeim tíma höfðu mæður nýtt sameiginlegan rétt að fullu í flestum tilfellum. Tölfræðin sýnir að feður dreifa töku fæðingarorlofsins með öðrum hætti en mæður og taka stærri hluta orlofsins á öðru ári barnsins, þ.e. eftir að móðir hefur lokið sinni orlofstöku. Þess ber að geta að foreldrar hafa 24 mánuði til að nýta orlofsrétt sinn eftir fæðingu barns eða töku í varanlegt fóstur eða ættleiðingu. Því getur orlofstakan teygst sig yfir á þrjú almanaksár. Stærsta óvissa ársins fólst því annars vegar í dreifingu orlofstöku feðra m.t.t. lengingarinnar,

tekjudreifingu þeirra sem tóku orlof og einnig og ekki síður hver nýting aukins réttar feðra yrði. Þá hafa greiðslur vegna fæðingarstyrks til foreldra utan vinnumarkaðar farið lækkandi á umliðnum árum þar sem foreldrum hefur fækkað sem sækja um og fá greiddan fæðingarstyrk.

Málaflokkur 29.3 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð sem eru mæðra- og feðralaun, eru tæpum 53 m.kr. eða 12,3% lægri en fjárheimild ársins sem var 429 m.kr. Skýringin er sú að verulega hefur dregið úr umsóknum um mæðra- og feðralaun. Tryggingastofnun ríkisins áformar að senda foreldrum ábendingu um þennan rétt og búist er við að það leiði til betri nýtingar á fjárheimildinni.

Málaflokkur 29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn. Útgjöld eru í heild sinni 889 m.kr. umfram heildarfjárheimildir ársins og frávikin 9,5%. Undir málaflokkinn fellur rekstur ýmissa stofnana og er rekstur þeirra innan fjárheimilda. Undir málaflokkinn falla einnig greiðslur vegna samninga og útgjöld safnliða sem sömuleiðis eru innan fjárheimilda. Ástæða umframkeyrslu málaflokksins eru útgjöld vegna endurgreiðslna til sveitarfélaga á grundvelli 15. gr. laga, nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Endurgreiðslurnar námu 1.584 ma.kr. árið 2020 og var það 1.252 m.kr. umfram fjárheimild ársins. Sveitarfélög eiga lögbundinn rétt á að fá endurgreiddan kostnað vegna félagslegrar aðstoðar við erlenda ríkisborgara sem ekki eiga lögheimili í landinu. Hafa þessar endurgreiðslur hækkað á liðnum árum og má gera ráð fyrir að það haldi áfram.

Málaflokkur 29.7. Málefni innflytjenda og flóttamanna. Afkoma liðarins var 590 m.kr. undir fjárheimildum eða 65,5%. Ástæða þess að útgjöld voru ekki hærri en raun bar vitni má rekja til heimsfar-

aldursins. Áætlanir stjórnvalda um að taka á móti 85 flóttamönnum frá Afganistan, Sírlandi og Kenía á fyrstu mánuðum ársins fóru úr skorðum vegna faraldursins og bíður hópurinn enn í flóttamanna-búðum ytra eftir að flytjast til landsins. Einnig olli faraldurinn töfum á samningagerð við sveitarfélög um samræmda móttöku flóttamanna. Faraldurinn hafði víðtæk áhrif á útgjöld málaflokksins sem veldur því að verkefni ársins 2020 verða unnin á árinu 2021.

Málefnasvið 30

Málaflokkur 30.1 Vinnumál og atvinnuleysi, er rúmlega 5,3 milljörðum innan fjárheimilda ársins. Gripið var til ráðstafana í fjárukalögum 2020 er um 58,8 milljörðum kr. var bætt við fjárheimildir ársins vegna viðbragða við COVID-19 faraldrinum, þar af um 58,45 milljörðum í Atvinnuleysistryggingasjóð. Einnig var aukin fjárheimild að fjárhæð 340 m.kr. til Vinnumálastofnunar vegna aukinna verkefna sem tengjast atvinnuleysi. Án viðbótar í fjárukalögum hefði málaflokkurinn farið 52,7 milljarða kr. fram úr fjárheimildum. Fjárheimildir til ýmissa vinnu-markaðsúrræða til að bregðast við COVID-19 faraldrinum nýttust ekki að fullu á árinu. Gert er ráð fyrir áframhaldi þeirra úrræða í fjárlögum 2021.



Málefnavið 31

Ráðstöfun **málaflokks 31.1 Húsnæðisstuðningur**, er í heild 227 milljónir kr. umfram fjárheimildir ársins. Húsnæðisbætur eru um 232 m.kr. umfram fjárheimild. Ef ekki hefði komið til 140 milljóna kr. viðbótarfjárheimild í fjáráukalögum til að mæta kostnaði vegna fjölgunar viðtataka húsnæðisbóta hefði hallinn á liðnum orðið 370 milljónum hærrí. Gert er ráð fyrir að hallanum verði mætt með því að ganga á eignir sjóðsins, þ.e. mætt með innheimtu útistandandi krafna. Leiguíbúðir skýra 658,5 milljónir kr. af halla málaflokksins, en reiknað er með að framlag úr ríkissjóði sé 666,1 milljónir kr. skv. fjárlögum þó það komi ekki fram í gjaldaheimildum fjárlaga. Stofnframlög eru um 663 milljónir kr. undir fjárheimildum sem skýrist af því að í lokauppgjöri ríkisreiknings 2019 voru útgjöld upp á 658,5 milljónir kr. ranglega færð af leiguíbúðum yfir á stofnframlög. Á árinu 2020 var þessi tilfærsla leiðrétt og er því afgangur af stofnframlögum. Gengið er út frá því að eftirstöðvar færast yfir á árið 2021 og verði ráðstafað þá.

Málefnavið 32

Málaflokkur 32.4 Stjórnsýsla félagsmála er um 347 milljónum kr. innan fjárheimilda ársins. Í upphafi árs 2020 voru stofnanirnar Mannvirkjastofnun og Íbúðalánasjóður sameinaðar í Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Frávik málaflokksins skýrist að mestu leyti af því að fjárheimild er á fjárlagalið nýrrar stofnunar, HMS, en enn er bókfært á eldri fjárlagalið Mannvirkjastofnunar. Eftir er að hnýta lausa enda varðandi bókhaldslega framsetningu nýrrar stofnunar í fjárhagskerfi ríkissjóðs og er stofnunin að vinna í því ásamt Fjársýslunni.

Tafla 2. Fjárfesting málefna sviða og málaflokka

Málefna svið	Fjárheimild	Heimild frá fyrr ári	Fjárfesting	Staða í árslok
27 Örorða og málefni fatlaðs fólks		-0,9	-1,3	-2,2
27.30 - Málefni fatlaðs fólks		-0,9	-1,3	-2,2
29 Fjölskyldumál	643,7	392,6	-43,0	993,4
29.40 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	643,7	387,4	-42,9	988,3
29.70 - Málefni innflytjenda og flóttamanna		5,2	-0,2	5,1
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	19,9	-48,6	-58,1	-86,9
30.10 - Vinnumál og atvinnuleysi	3,3	-7,5	-36,5	-40,7
30.20 - Vinnumarkaður	16,6	-41,1	-21,7	-46,2
31 Húsnæðisstuðningur	-158,5	158,5		0,0
31.10 - Húsnæðisstuðningur	-158,5	158,5		0,0
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	85,5	18,0	-209,1	-105,6
32.40 - Stjórnsýsla félagsmála	85,5	18,0	-209,1	-105,6
Samtals	590,6	519,6	-311,6	798,7

Fjárhæðir í milljónum króna



Fjárfesting málaflokka

29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn. Óhafnar fjárheimildir vegna fjárfestinga málaflokksins nema um 988 m.kr. Tvö fjárfestingarverkefni eru í bígerð, annars vegar bygging meðferðarheimilis í Garðabæ á vegum Barnaverndarstofu og hins vegar bygging sérhæfðs húsnæðis í Reykjanesbæ fyrir einstaklinga sem þurfa á öryggisvistun/öryggisgæslu að halda. Þegar framkvæmdir hefjast vegna fyrrnefndra verkefna munu fjárfestingarheimildir málaflokksins verða fullnýttar.

32.4 Stjórnsýsla félagsmála. Frávik málaflokksins má aðallega rekja til sameiningar Mannvirkjastofnunar og Íbúðalánasjóðs í Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í upphafi árs 2020. Núverandi fjárfestingarheimild hjá sameinaðri stofnun endurspeglar einungis mannvirkjahluta stofnunarinnar. Gera þarf leiðréttingu á fjárfestingarheimildum stofnunarinnar í fjárlögum.

Annar mismun á fjárfestingarframlagi og fjárheimildum hjá stofnunum ráðuneytisins má rekja til þess að ekki er samræmi á milli fjárheimilda til eignakaupa og raunþarfar í fjárfestingum stofnana í fjárlögum sl. ára. Gera þarf viðeigandi leiðréttingar á hagrænni skiptingu fjárheimilda í fjárlögum svo að samræmi verði í árlegri fjárfestingarþörf og á fjárheimildum.

Tafla 3. Uppsöfnuð frávik frá fjárheimildum.

Stofnun/ríkisaðilar	Frávik innan ársins	Uppsöfnuð frávik frá fjárheimildum	Stofnun/ríkisaðilar	Frávik innan ársins	Uppsöfnuð frávik frá fjárheimildum
07101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	17,4	40,1	07821 Tryggingastofnun ríkisins	-8,9	8,8
07151 Úrskurðarnefnd velferðarmála	29,6	53,5	07825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð	86,5	86,5
07190 Ýmis verkefni	10,2	12,0	07826 Bætur til aldraðra	144,5	144,5
07199 Ráðstöfunarfé	0,0	0,0	07827 Lífeyrstryggingar	1.783,1	1.783,1
07205 Leiguíbúðir	-658,5	-658,5	07830 Bætur til eftirlifenda	-2,5	-2,5
07275 Húsnæðisbætur	-210,2	-231,7	07831 Eftirlaunasjóður aldraðra	3,7	3,7
07276 Stofnframlög	662,8	662,8	07980 Vinnuálastofnun	8,4	-22,0
07302 Ríkissáttasemjari	34,4	46,6	07981 Vinnumál	10,9	132,6
07320 Mannvirkjastofnun	-279,3	-289,1	07982 Ábyrgðasjóður launa	558,3	558,3
07322 Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	520,9	520,9	07983 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna	11,7	11,7
07329 Fjölmenningssetur	-12,1	-12,1	07984 Atvinnuleysistryggingasjóður	4.732,6	4.732,6
07331 Vinnueftirlit ríkisins	1,6	1,6	07986 Starfsendurhæfingarsjóðir	0,0	0,0
07341 Umboðsmaður skuldara	-3,8	8,4	07987 Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga	18,7	18,7
07400 Barnaverndarstofa	-11,5	120,1	07988 Starfsendurhæfing	-63,8	-63,8
07700 Málefni fatlaðra	7,2	67,4	07989 Fæðingarorlof	444,4	443,5
07750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	-389,1	93,9	07998 Varasjóður málaflokka	0,1	95,1
07755 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	-8,4	13,2	07999 Félagsmál, ýmis starfsemi	-774,9	-698,3

Fjárhæðir í milljónum króna



Ráðstöfun varasjóða

Varasjóður málaflokks 29.4 - Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	Fjárhæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	123,1
Ráðstöfun til Barnaverndarstofu	28
Staða varasjóðs í lok árs	95,1
Varasjóður málaflokks 30.2 - Vinnumál	Fjárhæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	2
Ráðstöfun til Vinnueftirlits ríkisins	2
Staða varasjóðs í lok árs	0
Varasjóður málaflokks 32.4 -Stjórnsýsla félagsmála	Fjárhæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	28,2
Ráðstöfun til Tryggingastofnunar ríkisins	28,2
Staða varasjóðs í lok árs	0

Fjárhæðir í milljónum króna

Árangur og ávinningur af ráðstöfnunum fjármuna



Yfirlit yfir stöðu aðgerða málefnasviða í árslok 2020

Staða verkefna/aðgerða

Málaflokkar	Staða og fjöldi aðgerða					Samt.
Málefnasvið 27	● 4	● 4	● 2			10
Málefnasvið 28				● 1	● 3	4
Málefnasvið 29	● 2	● 1	● 2	● 4	● 6	15
Málefnasvið 30		● 4	● 4	● 3		11
Málefnasvið 31				● 5	● 5	10
Samtals aðgerðir	6	9	8	13	14	50

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir Málaflokkur 27.1

Markmið 1: Einfaldara og sveigjanlegra bótakerfi almannatrygginga vegna skertrar starfsgetu.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall lífeyrispega með of- eða vangreiðslur innan 50.000 kr. viðmiðunarmarkna.	61%	65%	56%

Markmið 2: Meiri áhersla verði lögð á getu fólks til starfa.

Mælikvarði fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldi einstaklinga sem fá fyrsta 75% örorkumat á ári hverju.	1.270	1.400	1.280
Hlutfall einstaklinga með a.m.k. 75% örorkumat búsettra á Íslandi af mannfjölda á aldrinum 18–66 ára á Íslandi.	Karlar 5,8% Konur 9,8%	Karlar 5,5% Konur 9%	Karlar 6,0% Konur 9,9%
Heildarfjöldi fólks með a.m.k. 75% örorkumat í nóvember ár hvert.	20.083	19.300	20.062

Helstu aðgerðir í málaflökki 27.1

- Lagt verði fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem miði að því að tekið verði upp sveigjanlegra bótakerfi vegna örorku þar sem bótaflokkar verði sameinaðir og útreikningar einfaldaðir.
- Koma í veg fyrir víxlverkanir í samspili örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða.
- Lagt verði fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingarvarðandi skilyrði til greiðslna í almannatryggingu, með hvaða hætti réttindi ávinnast íhlutfalli við búsetu á Íslandi og hvernig komið verði á móst við þá sem hafa áunnið sér lítil réttindimeð búsetu hér á landi.
- Innleitt verði nýtt matskerfi almannatrygginga er byggist á þverfaglegu mati á stöðu einstaklinga í stað læknisfræðilegs mats.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Málefni fatlaðs fólks Málaflökki 27.3

Markmið 1: Að bæta gæði í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fækkun barna á biðlista eftir fyrstu greiningu hjá GRR í lok tímabils.	270 (2018)	325	343
Fækkun tilvísana til GRR á ári.	320	290	310
Hlutfall foreldra sem eru ánægð með þjónustu GRR.	83%	75–80%	V. COVID-19 var ekki gerð árleg könnun meðal foreldra og því liggja ekki fyrir tölur fyrir árið 2020

Markmið 2: Að nýsköpun og tækni styðji fatlað fólk í ríkara mæli til sjálfstæðs lífs.

Mælikvarði fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldi sveitarfélaga sem hafa samþykktar nýsköpunaráætlanir.	0 sveitarfélög.	10 sveitarfélög.	2 sveitarfélög. Verkefnið tafðist vegna COVID-19.
Fjöldi sveitarfélaga sem hafa haldið námskeið um nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu.	1 sveitarfélag.	3 sveitarfélög.	2 sveitarfélög.

Helstu aðgerðir í málaflokki 27.3

Skýring á stöðu aðgerða

Kortleggja þörf barna sem þurfa snemmtæka og þverfaglega þjónustu. Á grundvelli kortlagningar verður þörf fyrir þjónustu á landsvísu greind og mælikvarðar verða þróaðir um árangur þjónustunnar.

● Verkefni tengist vinnu framtíðarskipulag í þjónustu við börn(farsæld).

Áætlun um samþætta þverfaglega þjónustu við börn með röskun og fjölskyldur þeirra óháð búsetu. Í áætlun verði lýsing á verkefni, skilgreindir samstarfsaðilar, tímaáætlun um þjónustu á mismunandi þjónustustigum, þ.e. þjónustu sveitarfélaga (1. stig), landshluta (2. stig) og ríkisstofnana (3. stig).

● Verkefni tengist vinnu framtíðarskipulag í þjónustu við börn(farsæld).

Tilraunaverkefni 2020–2023 um landshlutateymi til að auka þekkingu, efla og samþætta þjónustu við börn í heimabyggð. Verkefni festi sig í sessi og starfsemi þeirra verði viðvarandi (sjá aðgerð G.3 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021).

● 9 sveitarfélög eru þátttakendur í tilraunaverkefninu.

Áætlun um innleiðingu þeirra verkþátta sem ekki fullnægja ákvæðum greina samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks skv. niðurstöðu starfshóps ráðuneyta um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar í því skyni að efna skuldbindingar þess samkvæmt samningum.

● Gert er ráð fyrir að aðgerð hefjist í ágúst 2021.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Helstu aðgerðir í málaflokki 27.3

Skýring á stöðu aðgerða

Notendaráð fatlaðs fólks starfi í öllum sveitarfélögum til að auka áhrif fatlaðs fólks á þjónustu og hagsmunamál sín í sveitarfélaginu (sjá aðgerð F.6 í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021).

- Landssamtökin Þroskahjálpr vinnur verkefnið í samstarfi við Fjölmennt. Í því felst að a) unnið verður fræðsluefni, staðið fyrir námskeiðum og þjálfun fyrir fulltrúa fatlaðs fólks í starfandi notendaráðum og fyrir þá sem hafa hug á starfa í notendaráðum, b) námskeiðsefni fyrir starfsfólk sveitarfélaga og c) unnið verður kynningarefni til notkunar í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum fyrir fatlað fólk þar sem áhersla er lögð á að efla vitund þess og áhuga á að starfa í notendaráðum. Öll sveitarfélög eru komin með notendaráð

Að stofnað verði til formlegs samráðsvettvangs milli ríkis, sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka og nærsamfélags um að beita hjálpartækjum og tæknitengdum lausnum við veitingu þjónustu sem stuðlar að auknu sjálfstæði notenda og gerir þjónustuveitendum kleift að sinna fleiri notendum (sjá markmið G.7 í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks 2017–2021).

- Hluti af þróun velferðarstofu á Suðurnesjum. Skv. upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu er hafin vinna við innleiðingu á tillögum sem fram komu í skýrslu heilbrigðisráðuneytinu um hjálpartæki frá október 2019.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

Málaflokkur 28.1

Markmið 1: Hækka heildartekjur ellilífeyrisþega.

Mælikvarðar fyrir markmið 1

Hlutfall ellilífeyrisþega sem fá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins af íbúafjölda 67 ára og eldri.

Raun 2019

Karlar: 70,1%
Konur: 82,4%

Viðmið 2020

Karlar: 67%
Konur: 80%

Raun 2020

Karlar: 70,3%
Konur: 81,8%

Markmið 2: Auka atvinnuþátttöku aldraðra.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall aldraðra sem fresta töku lífeyris fram yfir 67 ára og fram yfir 70 ára.	67 ára: 49% 70 ára: 21,2%	67 ára: 52% 70 ára: 20%	67 ára: 49,8% 70 ára: 23,3%
Hlutfall ellilífeyrisþega með atvinnutekjur.	Karlar: 11,7% Konur: 5,5%	Karlar: 13% Konur: 7%	Karlar: 14,1% Konur: 6,4%

Markmið 3: Auka stuðning við aldraða sem lifa eingöngu á bótum almannatrygginga og hafa háa greiðslubyrði vegna húsnæðis.

Mælikvarðar fyrir markmið 3	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldi aldraðra sem fær fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi.	Karlar: 17 Konur: 29	Karlar 15 Konur 25	Karlar: 19 Konur: 24

Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 28.1

- Stuðla að aukinni atvinnuþátttöku aldraðra og hvetja almenning til að auka séreignarlífeyrissparnað.
- Hvetja aldraða til að stunda vinnu og kynna betur möguleika á sveigjanlegum starfslokum.
- Leggja fram frumvarp til laga semeykur möguleika aldraðra til töku hálfis lífeyris úr lífeyrissjóðum og almannatryggingum samhliða hlutastarfi.
- Leggja fram frumvarp til laga þar sem gert er ráð fyrir auknum stuðningi við þá sem eiga takmörkuð réttindi í almannatryggingum vegna stuttrar búsetu hér á landi.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Fæðingarorlof Málaflokkur 29.2

Markmið 1: Efling fæðingarorlofskerfisins.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Samanlagður réttur foreldra til fæðingarorlofs.	9 mánuði.	10 mánuðir.	10 mánuðir.

Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 29.2

- Frumvarp lagt fram á Alþingi þar sem kveðið verður á um lengingu á samhlöðum rétti foreldra til fæðingarorlofs um einn mánuð vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2020 eða síðar.
- Frumvarp lagt fram á Alþingi þar sem kveðið verður á um lengingu á samhlöðum rétti foreldra til fæðingarorlofs um tvo mánuði vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2021 eða síðar.
- Viðræður við sveitarfélög um að þau tryggi að börnum bjóðist dagvistun á leikskóla við 12 mánaða aldur.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Stuðningur við einstaklinga, fjölskyldur og börn Málaflokkur 29.4

Markmið 1: Aukin snemmtæk íhlutun í málefnum barna.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Fjöldun fjölskyldna sem fá PTMO-foreldrafærniþjálfun.	376 fjölskyldur.	396 fjölskyldur.	392 fjölskyldur.

	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
MST-CAN-meðferð á heimilum barna sem búið hafa við ofbeldi og vanrækslu.	Nýtt úrræði 2019.	innleiðing.	Vegna aðstæðna í samfélaginu sem tengjast heimsfaraldri hefur innleiðing MST-CAN ekki hafist.

Markmið 2: Bætt afkoma efnalítilla barnafjölskyldna.

Mælikvarðar fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall barna á heimilum með tekjur undir lágtekjumörkum skv. Lífskjararannsókn Hagstofunnar.	10,3% (2018)	10%	Ekki eru til nýrri tölur en 2018.
Heimili með börn þar sem erfitt er að ná endum saman skv. Lífskjararannsókn Hagstofunnar.	31,4% (2018)	29%	Ekki eru til nýrri tölur en 2018.

Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 29.4

Barnaverndarlög og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem og eftir atvikum önnur lög-gjöf og regluverk, verði endurskoðuð með áherslu á snemmtæka íhlutun, samstarf kerfa og lækkun þjónustuþröskulda í málefnum barna og fjölskyldna.

Skýring á stöðu aðgerða

- Fimm frumvörp lögð fram á 151. löggjafarþingi 2020-2021:
 - <https://www.althingi.is/altext/151/s/0440.html>
 - <https://www.althingi.is/altext/151/s/1221.html>
 - <https://www.althingi.is/altext/151/s/0941.html>
 - <https://www.althingi.is/altext/151/s/0442.html>
 - <https://www.althingi.is/altext/151/s/0441.html>

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokkí 29.4

Skýring á stöðu aðgerða

Fjármálalæsi ungs fólks í grunn- og framhaldsskólum landsins verði aukið til að hægt verði að draga úr greiðsluferðleikum einstaklinga á aldrinum 18–29 ára.

- Umboðsmaður skuldara hleypti hlaðvarpsþáttunum Leitinni að peningunum af stokkunum haustið 2020. Þættirnir, sem framleiddir eru með stuðningi frá félagsmálaráðuneytinu, hafa það að markmiði að auka fjármálavitund hjá ungu fólki. Leitinni að peningunum hefur verið vel tekið en þættirnir hafa fengið mikla hlustun og hafa iðulega verið í topp 20 á lista Spotify yfir öll hlaðvörp sem hlustað er á hér á landi. Upphaflega stóð til að framleiða um 30 þætti. Í ljósi þess hversu viðtökur hafa verið góðar og að stöðugt bætast við nýjir hlustendur hefur verið ákveðið að framleiða 22 þætti til viðbótar. Efnið hefur m.a. verið notað til kennslu í framhaldsskólum.”

Þróa samræmdan spurningalista / könnun sem hægt er að nota reglubundið til að mæla stöðu barna, gæði og árangur þjónustu, biðtíma eftir þjónustu o.fl.

- Starfshópur um þróun mælaborðs um velferð barna var skipaður 2020 og falið að vinna að þróun yfirlits yfir stöðu, líðan og réttindi barna. Hópurinn vinnur einnig að því að samþætta tölfræðigögn um hagi barna fyrir opinbera aðila. Mælaborðið verður aðgengilegt fyrir árslok 2021.

Innleitt verði samræmt verklag í Stjórnarráðinu um þátttöku barna í mati á áhrifum aðgerða og lagafrumvarpa á hagsmuni barna.

- Verkefni eru hluti af stefnu og aðgerðaáætlun um framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem ráðherra lagði fyrir Alþingi í maí 2021. En stefnan var unnin á tímabilinu nóvember 2019–febrúar 2020. Rammi um verkefni er útfærður í aðgerðaáætluninni og starfshópar um þróun verklagsins stofnaðir á fyrrihluta árs 2021.

Endurskoða stuðningskerfi við framfærendur langveikra og alvarlega fatlaðra barna.

- Undirbúningur frumvarps um nýtt greiðslufyrirkomulag í vinnslu.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Málefni innflytjenda og flóttamanna Málaflokkur 29.7

Markmið 1: Jafna tækifæri innflytjenda til félagslegrar þátttöku, virkni í íslensku samfélagi og á vinnumarkaði.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall landsmanna sem þekkja einhverja innflytjendur.	83%	85%	Næsta könnun verður framkvæmd þegar búið er að samþykka framkvæmdaáætlunina fyrir árin 2021-2024 og því liggja ekki fyrir raunupplýsingar fyrir árið 2020
Hlutfall landsmanna sem telja innflytjendur vera persónulega vini sína.	47%	55%	Næsta könnun verður framkvæmd þegar búið er að samþykka framkvæmdaáætlunina fyrir árin 2021-2024 og því liggja ekki fyrir raunupplýsingar fyrir árið 2020

Markmið 2: Móttaka flóttafólks verði samræmd og fræðsla flóttafólks aukin.

Mælikvarði fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Samræmd samfélagsfræðsla og íslenskukennsla fyrir flóttafólk eldra en 18 ára.	Undirbúningur.	Úrræði innleitt og í umsjón Vinnumálastofnunar.	Samfélagsfræðsluefni tilbúið.
Fjöldi sveitarfélaga með samning um móttöku flóttafólks.	4 sveitarfélög tóku a móti 52 flóttamönnum (2018).	Gerðir verði samningar við sveitarfélög vegna móttöku helmings flóttamanna.	Viljayfirlýsing undirrituð af FRN og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að hefja reynsluverkefni til eins árs um samræmda móttöku flóttafólks.

Helstu verkefni/aðgerðir í málaflokki 29.7

Skýring á stöðu aðgerða

Bætt aðgengi að upplýsingum fyrir innflytjendur fyrst eftir komu og frá sveitarfélögum, sbr. aðgerðir A4, B1, B2, B3 og B4 í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

● Viðvarand verkefni. Í drögum að tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2021-2024 eru lagðar til nýjar aðgerðir sem framhald af þessum aðgerðum.

Árleg hvatningarverðlaun til fjölmiðils, opinberrar stofnunar, fyrirtækis og/eða einstaklings sem skarað hefur fram úr með faglegri umfjöllun, þátttöku, veittri þjónustu eða vinnu í þágu hagsmuna innflytjenda.

● Hætt við aðgerðina þar sem hún er í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019. Framkvæmd tafðist og ný framkvæmdaáætlun gerir ekki ráð fyrir þessari aðgerð.

Halda málþing með það að markmiði að auka og efla lýðræðislega þátttöku innflytjenda, samstarf félags- og hagsmunasamtaka innflytjenda, áhrif þeirra á hagsmunamál sín og þátttöku í stjórnmálum.

● Hætt við aðgerðina þar sem hún er í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019. Framkvæmd tafðist og ný framkvæmdaáætlun gerir ekki ráð fyrir þessari aðgerð.

Í samræmi við framkvæmdaáætlun verði innflytjendum gert kleift að nýta menntun sína á vinnumarkaði. Möguleikar til endurmenntunar og starfstengds náms verði endurskoðaðir m.t.t. þarfa innflytjenda.

● Viðvarandi verkefni og í drögum að tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2021-2024 eru lagðar til nýjar aðgerðir sem framhald af þessum aðgerðum.

Komi í ljós launamunur skv. launagreiningu Hagstofu Íslands milli innflytjenda og innlendra verði gripið til aðgerða skv. framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019.

● Í drögum að tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2021-2024 er lagt til að þróaðar verði aðferðir til þess að bæta núverandi líkan.

Auglýst verði eftir sveitarfélögum til að taka á mótí flóttafólki.

● Samningar undirritaðir 2021.

Þróuð verður samræmd samfélagsfræðsla og íslenskukennsla fyrir flóttafólk.

● Samfélagsfræðsluefni tilbúið hjá VMST.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Vinumál og atvinnuleysi Málaflokkur 30.1

Markmið 1: Draga úr fjarveru á vinnumarkaði.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Aukin virkni mæld sem fjöldi langtímaatvinnulausa sem afskrá sig hjá Vinnumálastofnun áður en þeir hafa fullnýtt bótarétt sinn innan atvinnuleysis-tryggingakerfisins.	840	860	1113
Árangur úrræða mældur sem hlutfall einstaklinga sem eru skráðir hjá Vinnu- málastofnun í atvinnuleit en afskrá sig hjá stofnuninni vegna vinnu/náms/ vinnumarkaðsúrræðis og hafa ekki skráð sig aftur án atvinnu hjá stofnuninni sex mánuðum síðar.	Vinna 81% Nám 82% Vinnumarkaðsúrræði 73%	Vinna 88% Nám 82% Vinnumarkaðsúrræði 74%	Vinna 81% Nám 90% Vinnumarkaðsúrræði 70%
Aukin virkni mæld sem fjöldi erlendra langtímaatvinnulausa sem afskrá sig hjá Vinnumálastofnun áður en þeir hafa fullnýtt bótarétt sinn innan atvinnuleysis-tryggingakerfisins.	285	300	373

Markmið 2: Efla stuðningsúrræði fyrir fólk með skerta starfsgetu í tengslum við þátttöku þess á vinnu-markaði.

Mælikvarði fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Aukin virkni mæld sem hlutfall einstaklinga með skerta starfsgetu, sem nýtur sértækrar þjónustu hjá Vinnumálastofnun og fær starf eða úrræði sem leiðir til starfs.	70%	72%	60%

Aðgerðir í málaflokki 30.1

Skýring á stöðu aðgerða

Tilraunaverkefni um samstarf við önnur þjónustukerfi um eflingu þjónustu við viðkvæmasta hóp ungra atvinnuleitenda (NEET).

● 4DX samstarf stofnanna um þennan hóp gengur vel og verið að skoða, rýna og breyta þjónustuleiðum og samstarfi stofnanna.

Skimun fyrir áhættu á langtímaóvirkni þegar atvinnuleitandi hefur verið í árangurslausri atvinnuleit í þrjá mánuði þannig að unnt sé að bjóða viðkomandi viðeigandi þjónustu.

● Ekki tókst að hefja þessa aðgerð sökum anna vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Leita eftir samstarfi við atvinnulífnið um starfstækifæri fyrir langtímaatvinnuleitendur.

● Átak í ráðningarstyrkum sem liður í að bregðast við auknu atvinnuleysi í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru hefur í raun kallað að endurmat og marföldun á þessu samstarfi sem gengur mjög vel. Samstarfssamningar, sameiginlegir fundir, kynningar o.fl. eru dæmi um aðgerðir sem farið hefur verið í með atvinnulífni.

Komið verði á samstarfi við menntakerfið og endurhæfingaraðila um fjölgun tilboða um virkniúrræði fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu (þátttaka í þróun og framkvæmd yfirfærsluaðgerða úr skóla yfir á vinnumarkað).

● Samstarf hafið og samningur hefur verið gerður við Félagsmálaráðuneytið um tilraunaverkefni til tveggja ára til að vinna að yfirfærsluaðgerðum úr starfsnámsbrautum yfir í atvinnulífnið.

Komið verði á viðvarandi samstarfi Vinnumálastofnunar og menntakerfisins hvað varðar stuðning við atvinnuleit nemenda er stunda nám á starfsbrautum framhaldsskóla og nemenda er stunda starfstengt diplómanám við Háskóla Íslands.

● Aðgerðir hafnar hvað varðar starfsbrautir framhaldsskóla. Formlegt samstarf við háskóla ekki hafið en er í bígerð.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

Vinumarkaður Málaflokkur 30.2

Markmið 1: Að fækka þeim tilvikum þegar rof verður á samningssambandi milli aðila þegar eldri kjarasamningar renna út án þess að nýir hafi verið gerðir.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Víðmið 2020	Raun 2020
Hlutfall samninga þar sem ekki verður rof á samningssambandi milli samninga.	0%	5%	2%

Aðgerðir í málaflokki 30.2

Skýring á stöðu aðgerða

Fleiri sáttasemjarar (ad hoc) koma að sátttaumleitunum sem vísað hefur verið til embættis ríkissáttasemjara.	●	Þrjár aðstoðarsáttasemjarar hafa tekið virkan þátt í sáttastörfum í yfirstandandi samningalotu.
Funda reglulega á samningstíma með samtökum aðila vinnumarkaðarins til að fylgja eftir gildandi samningum og til að skipuleggja fyrirhugaðar samningaviðræður.	●	
Hanna kynningar- og fræðsluefni um heilbriggt sálfélagslegt vinnumhverfi.	●	
Þróa eftirlitsaðferðir við að meta sálfélagslega áhættuþætti innan vinnustaða.	●	Eftirlit fer fram í skólum landsins þar sem verið er að þróa eftirlitsaðferðina.
Í fyrirtækjaeftirliti Vinnueftirlitsins verði lögð áhersla á að kanna hvort fyrirtæki hafi gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal áhættumat og áætlun um forvarnir, og hvernig fyrirtæki fylgja þeim markvisst eftir.	●	Verið er að skoða hvernig setja má fram efni þessu tengdu inn á nýja heimasíðu sem er aðgengilegt, einfalt, skýrt og hvetjandi.
Átak í að hvetja opinberar stofnanir til að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal áhættumat og áætlun um forvarnir.	●	Verið er að skoða hvernig setja má fram efni þessu tengdu inn á nýja heimasíðu sem er aðgengilegt, einfalt, skýrt og hvetjandi.

● Ekki hafin
 ● Undirbúningur hafinn
 ● Aðgerð hafin
 ● Komin vel á veg
 ● Lokið

Húsnæðisstuðningur Málaflokkur 31.1

Markmið 1: Aukinn stöðugleiki á húsnæðismarkaði með auknu jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar eftir húsnæði.

Mælikvarðar fyrir markmið 1	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Áætluð óuppfyllt íbúðarþörf.	5.000-8.000	3.000	1.700-4.000*

* Upplýsingum um íbúðarþörf ber ekki saman. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun telur mikinn skort á húsnæði en niðurstaða greiningar Landsbankans er á þá leið að enginn skortur er á íbúðahúsnæði.

Markmið 2: Aukið aðgengi að öruggu og viðeigandi húsnæði fyrir fyrstu kaupendur og tekju- og eignalága á viðráðanlegu verði.

Mælikvarði fyrir markmið 2	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Heildarfjöldi veittra stofnframlaga vegna almennra íbúða.	2.123	2.800 árið 2021	2.625

Markmið 3: Húsnæðiskostnaður efnaminni fjölskyldna og einstaklinga verði lækkaður.

Mælikvarði fyrir markmið 3	Raun 2019	Viðmið 2020	Raun 2020
Miðgildi hlutfalls húsaleigu af ráðstöfunartekjum þeirra sem fá greiddar húsnæðisbætur og leigja á almennum markaði, að teknu tilliti til húsnæðisbóta.	28,10%	30,50%	30,60%

Aðgerðir í málaflokki 31.1

Skýring á stöðu aðgerða

Stofnframlög til bygginga eða kaupa 600 almennra íbúða árið 2020.

- Á árinu 2020 úthlutaði Húsnæði- og mannvirkjastofnun ríflega 3,6 milljörðum króna í stofnframlög til byggingar og kaupa á 632 leiguíbúðum víðsvegar um landið þ.a. vegna byggingar á 442 íbúðum og kaupa á 190 íbúðum.

Aðgerðir í málaflokki 31.1	Skýring á stöðu aðgerða
Samstarf opinberra stofnana um upplýsingaöflun og -miðlun um húsnæðismarkaðinn.	● Upplýsingavettvangur húsnæðismála (samstarfsvettvangur stofnana og félagasamtaka um upplýsingar um húsnæðismál) hefur verið stofnaður undir forystu HMS
Miðlægum gagnagrunni með upplýsingum um húsnæðismál sk húsnæðisgrunni, komið á fót samhliða áfrahaldandi samstarfi opinberra stofnana um upplýsingaöflun og -miðlunum húsnæðismarkaðinn	● Húsnæðisgrunni hefur verið komið á fót en samræma þarf hugtakanotkun til að gera upplýsingar frá ólíkum aðilum áreiðanlegri
Lög sett um úrræði til að auðvelda ungu fólki og tekjulágum fyrstu kaup íbúðarhúsnæðis	● Löggjöf um hlutdeildarlán tók gildi 1. nóvember 2020.
Aðgerðir til að fylgja eftir tillögum starfshóps um fyrstu kaup.	● Löggjöf um hlutdeildarlán tók gildi 1. nóvember 2020.
Byggingarkostnaður lækkaður með endurskoðun byggingar- og skipulagsmála.	● Breytingar á lögum um mannvirki samp. á Alþingi í des. 2020.
Endurskoðun grunnfjárhæða, tekju- og eignamarka húsnæðisbóta.	● Tekjumörk húsnæðisbóta voru endurskoðuð árið 2020 en ekki grunnfjárhæðir og eignamörk.
Sérstaklega verði tekið mið af stöðu einstæðra foreldra og einhleypra á leigumarkaði við stefnumótun á sviði húsnæðismála.	● Viðvarandi verkefni. Haft til hliðsjónar við stefnumótun á sviði hlutdeildarlána og húsaleigulöggjafar.
Fræðsluáttak um rétt til húsnæðisbóta o.fl.	● Ekki hefur verið farið í sérstakt áttak en þó hefur verið bætt úr þjónustu við innflytjendur með því að setja umsóknarferlið og upplýsingar á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á ensku, pólsku og spænsku.
Aðgerðir til að bregðast við húsnæðisskortri á landsbyggðinni.	● Komið hefur verið á sérstökum lánaflökki hjá HMS til að fjármagna nýjar íbúðir á kaldari markaðssvæðum. Einnig hefur Leigufélagið Bríet bætt aðgengi að hagkvæmum langtímaleiguíbúðum á landsbyggðinni. Þá hefur verið komið á sérstöku byggðaframlagi í tengslum við stofnframlög til almennra íbúða.

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

